# FRÉTTABLAÐIÐ

60. TÖLUBLAÐ 18. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — MÁNUDAGUR 12. MARS 2018




Þjóðbúningadagur var haldinn í Safnahúsinu í gær. Fólk var hvatt til að klæðast þjóðbúningum af öllu tagi og sýna sig og sjá aðra. Þjóðdansafélag Reykjavíkur steig dans og var öllum viðstöddum boðið að taka þátt. Ungir sem aldnir tóku þátt og skemmtu sér vel. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

## Fréttablaðið í dag


**SKOÐUN** Sigurður Ingi skrifar um nýafstaðið flokksþing. 9

**SPORT** ÍBV heldur áfram að sanka að sér bikartitlum. 10

**LÍFIÐ** Raftónlistarmaðurinn Bjarki Rúnar Sigurðarson spilar á Sónar Reykjavík um næstu helgi. 22

**PLÚS 2 SÉRBLÖÐ** ● **FÓLK** ● **FASTEIGNIR**


*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015

# Björt framtíð býður ekki fram í Reykjavík

**Björt framtíð ætlar ekki að bjóða fram lista í Reykjavík í komandi borgarstjórnarkosningum. Björt Ólafsdóttir, formaður flokksins, segir árið hafa verið flokknum erfitt en flokksmenn séu stoltir af verkum sínum á kjörtímabilinu.**

**STJÓRNMÁL** Björt framtíð mun ekki bjóða fram lista í komandi borgarstjórnarkosningum. Þetta staðfestir Björt Ólafsdóttir, formaður flokksins. Eins og greint hefur verið frá hafa þreifingar verið milli Bjartrar framtíðar og Viðreisnar um samstarf í sveitarstjórnarkosningum, bæði í borginni og í öðrum sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu. Nú liggur fyrir að ekki verður af slíku samstarfi í Reykjavík og Björt framtíð mun heldur ekki bjóða fram sér í borginni.



Björt Ólafsdóttir, formaður Bjartrar framtíðar.

„Við sitjum bara hjá eina umferð,“ segir Björt Ólafsdóttir, formaður flokksins. Hún segir það ekkert launungarmál að undanfarið ár hafi verið erfitt og ákveðinnar mæði gæti innan flokksins. Þá ætli kjörnir fulltrúar flokksins í Reykjavík ekki að gefa kost á sér aftur en Björt framtíð á tvo borgarfulltrúa, þau Sigurð Björn Blöndal og Elsu Hrafnhildi Yeoman og hafa þau starfað með meirihlutanum í Reykjavík á því kjörtímabili sem er að ljúka.

„Þetta var samt hvorki auðveld né léttvæg ákvörðun, enda erum við ofboðslega stolt af þeim áþreifanlegu breytingum sem hafa orðið á pólitíkinni í Reykjavíkurborg. Besti flokkurinn kom og breytti þar algjörlega um kúrs og bauð ekki bara upp á mannlega pólitík heldur líka stöðugleika í stjórnun borgarinnar í stað þess róts sem fyrr var við tíð borgarstjóraskipti hjá Sjálfstæðisflokknum,“ segir Björt og nefnir að Björt framtíð hafi dyggilega stutt við þessa stefnubreytingu í allri stjórnun og meðferð fjármuna útsvarsgreiðenda í Reykjavík undanfarin fjögur ár.

Aðspurð segir hún mikið hafa verið skorað á hana sjálfa að fara fram. „Já, ég hef verið beðin um það en ég hef ekki hug á því á þessum tímapunkti, kannski og örugglega seinna, það kemur bara í ljós en þessi ákvörðun er fyrst og fremst persónulegs eðlis. Lífið hefur upp á svo margt annað að bjóða sem betur fer. En þessi ákvörðun flokksins er líka alveg í línu við það sem við höfum áður sagt, við erum ekki að halda honum úti til þess að koma fólki fyrir einhvers staðar, það er auðvitað mjög óvanalegt að stjórnmálaflokkur hafi það ekki sem meginmarkmið að viðhalda sjálfum sér fyrst og fremst, en þannig er það nú samt hjá okkur,“ segir Björt.

Björt framtíð undirbýr nú framboð undir eigin merkjum og í samstarfi við aðra í nokkrum stærstu sveitarfélögum landsins; Kópavogi, Hafnarfirði, Garðabæ, Hveragerði og ef til vill fleirum.

„Svo mun okkar fólk á Akureyri starfa með L-listanum þaðan sem margir komu reyndar yfir í landsmálin með Bjartri framtíð til að byrja með,“ segir Björt. Hún segir flokksmenn fulla tilhlökkunar fyrir komandi kosningum. „Björt framtíð hefur verið í meirihluta og við stjórnvölinn í öllum stærstu sveitarfélögum landsins og við erum stolt af viðsnúningi sem sést til að mynda í rekstri Hafnarfjarðarbæjar og vinnulagi og gagnsæi við stjórnun Kópavogs svo eitthvað sé nefnt,“ segir formaður flokksins. adalheidur@frettabladid.is

## Leita að plássi fyrir dúfur

**DÝRAHALD** Bréfdúfnafélag Íslands hefur sent umhverfis- og skipulagsráði Reykjavíkurborgar erindi þar sem félagið óskar eftir plássi undir dúfnakofa. Guðmundur Jónsson, formaður félagsins, segir að borgin sé að leita að heppilegum stað.

Guðmundur segir að um 20 félagsmenn keppi nánast um hverja helgi yfir sumartímann. Skikinn þurfi ekki að vera stór en nægur til að koma um fjórum til fimm dúfnakofum fyrir. Hver kofi ætti að geta rúmað 30-40 fugla. – bbh / sjá síðu 2

**30-40**

fuglar þurfa að komast fyrir í hverjum dúfnakofa

## Vill fá að sjá próf sonar síns

**MENNTUN** „Eitt af helstu markmiðum samræmdra prófa er að aðstoða skóla, foreldra, menntakerfið og samfélagið í heild við að bæta skólastarf og ef við höfum ekki aðgang að mælitækjunum þá fellur það markmið náttúrulega um sjálft sig,“ segir Páll Hilmarsson sem kvartaði til úrskurðarnefndar um upplýsingamál eftir að Menntamálastofnun hafnaði beiðni hans um aðgang að samræmdu prófi sem lagt var fyrir son hans í fjórða bekk. – aá / sjá síðu 4




## Veður




Norðaustlæg átt í dag og skýjað á köflum, en hvasst með SA-ströndinni og dálítil snjókoma eða slydda þar. Frost 0 til 9 stig, en frostlaust syðst. SJÁ SÍÐU 16

# Sólveig fundaði með félagsmönnum



Tilvonandi formaður í Eflingu, Sólveig Anna Jónsdóttir, fundaði með félagsmönnum Eflingar í gær. „Þetta var óformlegur fundur sem við í B-listanum ákváðum að halda til þess að hitta fólk og sjáum fyrir okkur að þetta verði sá fyrsti af mörgum,“ segir Sólveig. Hún segist ekki vilja bíða með að kynnast félagsmönnum. „Við vorum með köku þannig að þetta var líka pínulítið eins og fermingarveisla,“ segir Sólveig. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

## Dæmd fyrir 59 milljóna fjárdrátt

**DÓMSMÁL** Kona á fertugsaldri var í Héraðsdómi Reykjavíkur dæmd í 16 mánaða fangelsi fyrir fjárdrátt, skilasvik og brot gegn bókhaldslögum. Konan hafði dregið sér rúmlega 59 milljónir króna í starfi sínu sem framkvæmdastjóri félagsins Gæi ehf.

Brotin hófust árið 2007 og stóðu til ársins 2014. Meðal annars voru rúmlega níu milljónir millifærðar af reikningi félagsins eftir að árangurslaust fjárnám hafði verið reynt í því.

Í niðurstöðu dómsins segir að konan hafi játað brot sitt og verið samvinnufús við rannsókn málsins. Þá hefur hún ekki gerst brotleg við lög áður. Þó þótti ekki unnt að skilorðsbinda refsinguna að fullu þar sem upphæðin var svo há og brotin stóðu yfir langt tímabil. Fjórtán mánuðir hennar voru skilorðsbundnir með vísan til fyrrgreindra atriða og sökum þess að konan er þunguð af sínu fjórða barni. – jóe

## Harður árekstur við Klaustur

**SLYS** Harður árekstur tveggja bifreiða varð síðdegis í gær, austan við þéttbýlið á Kirkjubæjarklaustri.

Í öðrum bílnum var ökumaðurinn einn, en tveir voru í hinum bílnum. Allir voru fluttir til Reykjavíkur með þyrlu. Veginum var lokað á meðan rannsókn stóð yfir og ökutækin fjarlægð af veginum. – jhh

**3**

**voru fluttir með þyrlu til Reykjavíkur eftir slysið**

## Framboðsfrestur Pírata rennur út

**STJÓRNMÁL** Framboðsfrestur í prófkjörum Pírata fyrir komandi sveitarstjórnarkosningar rennur út í dag klukkan 15.00. Sem stendur hefur verið ákveðið að halda prófkjör fyrir lista í Reykjavík, Kópavogi og Hafnarfirði.

Í Reykjavík hafa sautján einstaklingar lýst yfir framboði en í þeim hópi eru meðal annars varaborgarfulltrúinn Þórgnýr Thoroddsen og Dóra Björt Guðjónsdóttir, fyrrverandi formaður Ungra Pírata. Þá er einnig í framboði Alexandra Briem, nái hún kjöri verður hún fyrsti trans borgarfulltrúinn.

Í Hafnarfirði hafa sjö lýst yfir framboði en í Kópavogi fimm. Hægt er að fræðast um frambjóðendur og málefni þeirra á kosningavef Pírata. Prófkjörið sjálft hefst síðan þann 19. mars næstkomandi. – jóe

# Vilja koma upp nýrri aðstöðu fyrir bréfdúfur

**Bréfdúfnafélags Íslands hefur óskað eftir skika í Reykjavík undir starfsemi sína. Vilja að fjórir til fimm dúfnakofar komist fyrir á skikanum. Borgin leitar að heppilegum stað. Um 20 félagsmenn keppa um hverja helgi yfir sumartímann.**

**DÝRAHALD** Bréfdúfnafélag Íslands hefur sent umhverfis- og skipulagsráði Reykjavíkurborgar erindi þar sem félagið óskar eftir skika undir starfsemi sína þar sem reistir yrðu dúfnakofar. Guðmundur Jónsson, formaður félagsins, segir að borgin sé að leita að heppilegum stað. Félagið hafði augastað á skika í Elliðaárdal, en fékk hann ekki.

Guðmundur segir að um 20 félagsmenn séu mjög virkir og keppi nánast um hverja helgi yfir sumartímann. Skikinn þurfi ekki að vera stór en nægur til að koma um fjórum til fimm dúfnakofum fyrir, en hver kofi er um 12 fermetrar og rúmast um 30-40 fuglar í hverjum kofa.

„Við fengum svona svæði í Hafnarfirði og nú leitum við að svæði í Reykjavík. Það eru nokkrir mjög virkir í félaginu og við erum um 20 sem keppum nánast um hverja helgi,“ segir hann.

Alls eru níu keppnir í sumar en fyrsta æfingamótið fer fram í maí. Þá fljúga dúfurnar 104 kílómetra en lengsta keppnin er um 400 kílómetrar. Sá fugl sem skilar sér fyrstur heim vinnur. „Hver fugl er með rafrænan hring um fótinn. Öllum fuglum er ekið á keppnisstað og er öllum sleppt nánast á sömu sekúndu. Þegar þeir koma heim til sín þá stíga þeir á platta um leið og þeir ganga inn og skannast inn. Eigendurnir fylgjast svo með í símanum hvaða fugl nær fyrstur heim. Við sjáum samstundis í hvaða sæti þeir eru og fleira.“

Hann segir að dúfurnar rati nú alltaf heim til sín, það sé lítið vandamál. „Við verðum samt alltaf fyrir einhverjum skakkaföllum vegna veðurs og fálkans sem reynir að ná í dúfurnar. Í fyrra til dæmis lentum við í miklu verra veðri en við áætluðum og það var mjög hvasst. Þá voru dúfurnar að skila sér heim á nokkrum dögum. Fálkinn nær líka einni og einni dúfu,“ segir hann. Guðmundur bíður spenntur eftir sumrinu og hvort borgin finni skika handa félaginu sem flýgur hátt þessa stundina. benediktboas@365.is



Guðmundur í dúfnakofanum sínum. Hann segir að vorverkin séu skemmtileg enda undirbúningur hafinn fyrir fuglana. „Þetta snýst um meira en að vera með dúfur í kofa,“ segir hann spenntur fyrir komandi sumri. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

### Keppnirnar í sumar

- **20/5** 104km Hjálparfoss
- **27/5** 130km Hrauneyjafoss
- **3/6** 200km Botnar National
- **10/6** 250km Freysnes
- **17/6** 260km Freysnes
- **24/6** 330km Höfn
- **1/7** 330km Höfn
- **8/7** 400km Seyðisfjarðarheiði
- **15/7** 330km Grímsstaðir
- **22/7** 400km Langanes
- **29/7** 400km Langanes

Jóhann Ólafsson & Co

Rafvirkjar

LED rakaþétt ljós



Jóhann Ólafsson & Co.
Krókháls 3, 110 Reykjavík
533 1900
olafsson.is

LEDVANCE OSRAM




**GE bílar**
Reykjanesbæ
www.gebilar.is
420 0400

**Bílasalan Bílás**
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

**Bílasala Akureyrar**
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

**Bílaverkstæði Austurlands**
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

**IB ehf.**
Selfossi
www.ib.is
480 8080

**BL söluumboð**
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516

**BL ehf**
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

B|L

# Lögfræðiálit unnið um stöðu þeirra sem þreyttu samræmdu prófin

**MENNTAMÁL** Lilja Alfreðsdóttir, mennta- og menningarmálaráðherra, fundaði með fulltrúum Menntamálastofnunar (MMS) um helgina vegna þeirrar stöðu sem upp er komin varðandi samræmd próf níundu bekkinga.

Í vikunni þreyttu nemar í 9. bekk samræmd próf en tölvukerfi MMS réði ekki við álagið sem hlaust af próftöku í ensku og íslensku. Aðeins stærðfræðiprófið gekk snurðulaust fyrir sig. Fulltrúar hagsmunaaðila munu funda í menntamálaráðuneytinu vegna málsins á miðvikudag.

„Við erum að kanna hver lagaleg staða þessara prófa er en í vinnslu eru lögfræðiálit hvað það varðar. Meginmarkmiðið er að við getum eftir samráðsfundinn skýrt stöðu og gildi þessara prófa með hagsmuni nemenda að leiðarljósi,“ segir Lilja.



**Lilja Alfreðsdóttir, mennta- og menningarmálaráðherra.**

Þorsteinn Sæberg, formaður Félags skólastjórnenda, segir við Fréttablaðið að hann telji ekki ástæðu til að börnin taki prófin á nýjan leik.

„Þetta er ekki í fyrsta skipti sem það verður einhver uppákoma í kringum samræmda próftöku. Þetta er í raun óásættanlegt klúður. Ég efa ekki að ráðherra skoði þetta mál sérstaklega. Hún lýsti því yfir að hún hefði verulegar áhyggjur af þessari framkvæmd og ég deili þeim áhyggjum með henni,“ segir Þorsteinn.

Lilja segir að ráðuneytið muni ekki hafa álit á neinum tillögum fyrr en stöðumat liggi fyrir. Réttindi og staða nemenda, með hagsmuni þeirra að meginmarkmiði, sé forgangsatriði.

„Við erum að fara yfir hvað fór úrskeiðis og hver ber ábyrgðina á því. Brýnast er núna að endurvinna traust á MMS og ráðuneytið er að vinna að aðgerðum sem miða að því marki,“ segir Lilja. – jóe

## Þorsteinn í forystusveit

**STJÓRNMÁL** Þorsteinn Víglundsson tekur við embætti varaformanns Viðreisnar eftir að hafa hlotið 98,5 prósent atkvæða á landsþingi flokksins í Reykjanesbæ í gær. Þá var Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir endurkjörinn formaður með 95,3 prósent atkvæða. Þorsteinn tekur við embættinu af Jónu Sólveigu Elínardóttur, sem gaf ekki kost á sér áfram.

Í stjórnmálaályktun Viðreisnar segir að Íslendingar skuli ljúka samningaviðræðum um fulla aðild að Evrópusambandinu og bera aðildarsamning undir þjóðina. Þá segir að fæðingarorlof skuli vera eitt ár og fjölbreytt dagvistunarúrræði skuli standa börnum til boða frá tólf mánaða aldri. - jhh



**Þorsteinn Víglundsson framkvæmdastjóri SA, Samtaka atvinnulífsins.**

## Flokkur Le Pen fær nýtt nafn

**FRAKKLAND** Naumur meirihluti flokksmanna frönsku Þjóðfylkingarinnar samþykkti í gær að taka upp nafnið Þjóðarbandalagið eftir að Marine Le Pen formaður lagði nafnbreytinguna til á flokksþingi.

Með breytingunni, og breyttum áherslum, vill Le Pen reyna að losna við kynþáttahyggju-, gyðingahaturs-, og hommahatursstimpilinn sem hefur fylgt þessum flokki franskra þjóðernishyggjumanna.

„Nafnið Þjóðfylkingin á sér mikla og stórkostlega sögu sem ekki er hægt að afneita. En þið vitið það fullvel að fyrir mörgum frönskum kjósendum er nafnið sálfræðilegur þröskuldur sem er erfitt að yfirstíga,“ sagði Le Pen.

Faðir hennar og stofnandi flokksins, Jean-Marie Le Pen, er hins vegar afar ósáttur við breytinguna. – þea

# Menntamálastofnun veiti aðgang að samræmdu prófi

**Faðir barns í fjórða bekk kærði synjun um aðgang að samræmdu prófi til úrskurðarnefndar um upplýsingamál. Hann segir synjunina brjóta í bága við grunnskólalög og upplýsingalög. Telur markmið samræmdra prófa fara fyrir lítið ef aðgangur að mælitækjunum er bannaður.**

**MENNTAMÁL** „Eitt af helstu markmiðum samræmdra prófa er að aðstoða skóla, foreldra, menntakerfið og samfélagið í heild við að bæta skólastarf og ef við höfum ekki aðgang að mælitækjunum þá fellur það markmið náttúrulega um sjálft sig,“ segir Páll Hilmarsson sem kvartaði til úrskurðarnefndar um upplýsingamál eftir að Menntamálastofnun hafnaði beiðni hans um aðgang að samræmdu prófi sem lagt var fyrir son hans í fjórða bekk.

Í reglugerð, um framkvæmd samræmdra prófa, sem sett var í tíð Kristjáns Þórs Júlíussonar, er tiltekið að Menntamálastofnun sé heimilt að útbúa svokallaðan prófabanka og í þeim tilgangi er prófi skipt í tvennt, annars vegar eru spurningar og hins vegar svör. Stofnuninni er samkvæmt reglugerðinni, ekki skylt að veita aðgang að spurningunum heldur einungis svörunum.

„Mér finnst ekki boðlegt að það sé hægt að leggja próf fyrir börn og bjóða síðan bæði mér og skólanum að segja: Þessu tiltekna barni gekk svona og svona. Við spurningu nr. 4 gaf barnið svarið sex og við spurningu nr. 7 gaf barnið svarið átta, en þú færð ekki að sjá spurninguna.“

Úrskurðarnefndin tók mál Páls fyrir og óskaði upplýsinga frá Menntamálastofnun sem vísaði til annarrar synjunar á samskonar beiðni, sem væri einnig til meðferðar hjá úrskurðarnefndinni.

Þá var í svari stofnunarinnar vísað til 10. gr. upplýsingalaga sem tiltekur meðal annars próf sem heimilt er að undanskilja frá rétti borgaranna til upplýsinga.



**Páll Hilmarsson kvartaði til úrskurðarnefndar um upplýsingamál eftir að Menntamálastofnun hafnaði beiðni hans um aðgang að samræmdu prófi sem lagt var fyrir son hans í fjórða bekk.** Fréttablaðið/Vilhelm

Páll telur reglugerð ráðherra og svör Menntamálastofnunar stangast á við upplýsingalög enda beri að túlka ákvæði 10. gr. laganna þannig að próf geti aðeins verið undanþegin þessum rétti borgaranna þangað til þau eru lögð fyrir. Eftir það eigi að veita aðgang að þeim.

Páll bendir einnig á 27. gr. grunnskólalaga sem tiltekur að nemendur og foreldrar eigi rétt á upplýsingum um niðurstöður mats, matsaðferðir og mælitæki við mat á árangri og framförum nemenda.

Í nýlegum úrskurði úrskurðarnefndarinnar um aðgang að eldri prófum var ekki fallist á þau rök Háskóla Íslands að þar sem prófin breyttust mjög lítillega milli ára myndi aðgangur að eldri prófum hafa það í för með sér að prófin yrðu þýðingarlaus eða næðu ekki árangri sínum þar sem þau væru á almannavitorði.

Í niðurstöðu nefndarinnar segir hins vegar að umrædd próf, geti ekki talist fyrirhuguð í skilningi laganna og aukin vinna við gerð nýrra prófa geti ekki vikið frá meginreglu um aðgang borgara að upplýsingum. Háskólanum var því gert að veita aðgang að umbeðnum prófum.

Páll hefur beðið niðurstöðu nefndarinnar frá því í nóvember. Hann vísar til fyrri úrskurða nefndarinnar og er bjartsýnn á að nefndin úrskurði sér í vil.

adalheidur@frettabladid.is










# CR-V

## Á HONDA BETRA VERÐI

Við lögðum af stað með meira. Meira pláss til að gera góða hluti, eiga góða daga, meira af góðum ferðum.  Meiri bíl til að treysta á, aflmeiri, hagkvæmari, sparneytnari.  Meira af því sem við gerum vel - gert enn betur.
**Já, og meira fyrir peninginn.**

**SÉRVALDIR HONDA CR-V Á SÉRSTÖKU TILBOÐSVERÐI**

**VERTU MEIRA TIL Á MEST SELDA BORGARJEPPA Í HEIMI**

HONDA CR-V 4X4 SJÁLFSKIPTUR VERÐ FRÁ KR. 5.390.000

**Bernhard ehf** • Vatnagörðum 24-26 • 104 Reykjavík • Sími 520 1100 • www.bernhard.is
**Umboðsaðilar:** Bernhard, Reykjanesbæ • Bílver, Akranesi • Höldur, Akureyri • Bragginn, Vestmannaeyjum

HONDA














Trump og Kim gnæfa yfir suðurkóreskum hermanni í Seúl. NORDICPHOTOS/AFP

# Þvingunum ekki hætt fyrir fundinn með Kim

**Væntanlegur fundur Kim Jong-un og Donalds Trump ekki tilefni til að slaka á þvingunaraðgerðum. Kim-stjórnin þarf hins vegar að hætta tilraunum í aðdraganda fundar. Demókratar efins um ágæti þess að funda með Kim.**

**BANDARÍKIN** Ekki stendur til að slaka á viðskiptaþvingunum gegn Norður-Kóreu eða gefa tommu eftir að neinu leyti í aðdraganda fundar Donalds Trump, forseta Bandaríkjanna, og Kim Jong-un, einræðisherra Norður-Kóreu, sem tilkynnt var um í síðustu viku. Þetta sagði Mike Pompeo, yfirmaður bandarísku leyniþjónustunnar CIA í gær.

Um er að ræða fyrsta fund leiðtoga þessara tveggja ríkja. Ekki liggur fyrir hvenær eða hvar þeir Trump og Kim munu hittast en búist er við því að fundurinn fari fram í maí. Þá mun Kim einnig eiga fund með suðurkóreska forsetanum Moon Jae-in á landamærum ríkjanna á Kóreuskaga í apríl.

Pompeo sagði enn fremur að þótt Bandaríkin ætluðu ekki að gefa eftir myndi einræðisríkið þurfa að standa við orð sín um að hætta kjarnorku- og eldflaugatilraunum alfarið áður en fundurinn fer fram.

„Við höfum aldrei áður verið í þeirri stöðu að hagkerfi Norður-Kóreu sé svo hætt komið, að yfirvöld hafi sætt svo miklum þrýstingi, að einræðisstjórnin biðji um viðræður á þeim forsendum sem Kim Jong-un hefur samþykkt.

Sjálfur tjáði Trump sig um viðræðurnar á fjöldafundi í Pennsylvaníu á laugardag. „Ég trúi því að þau vilji frið. Ég held það sé tími til kominn,“ sagði forsetinn.

„Hver veit hvað gerist?“ sagði Trump og bætti við: „Kannski yfirgef ég fundinn í snatri. En kannski setjumst við niður saman og gerum besta samning í heiminum.“

Fundur Kim og Trumps myndi marka tímamót í utanríkisstefnu Bandaríkjanna, að því er Bloomberg greinir frá. Hann væri algjörlega fordæmalaus. Bloomberg vitnar sömuleiðis í sérfræðinga sem telja að mögulega sé einræðisherrann einungis að reyna að kaupa sér tíma til að halda áfram kjarnorkuvopnaþróun án þess að þurfa að hafa áhyggjur af frekari þvingunum.

Elizabeth Warren, öldungadeildarþingmaður Demókrata, sagðist í gær ekki hrifin. Með því að samþykkja að setjast niður með Kim væri Trump að viðurkenna ógnarstjórn hans opinberlega.

„Ef forsetinn nær árangri í viðræðum sem þessum er það alltaf gott fyrir Bandaríkin. En ég hef áhyggjur af því að Kim muni notfæra sér forsetann,“ sagði Warren og bætti því við að utanríkisráðuneytið væri nú þjakað af afsögnum lykilstarfsmanna. Til að mynda væri enginn sendiherra nú í Suður-Kóreu. thorgnyr@frettabladid.is

# Xi fær að sitja lengur en tvö kjörtímabil

**KÍNA** Xi Jinping gæti orðið forseti ævilangt eftir að Kínverjar samþykktu í gær að fella ákvæði um að forseti megi bara sitja í tvö kjörtímabil úr stjórnarskrá ríkisins. Af þeim 2.964 sem greiddu atkvæði á árlegum fundi Þjóðþingsins lögðust einungis tveir gegn breytingunni. Þrír sátu hjá.

Ákvæðið var innleitt á tíunda áratug síðustu aldar og hefur enginn forseti síðan þá setið lengur en tvö kjörtímabil. Yfirstandandi kjörtímabili lýkur árið 2023 og samkvæmt ákvæðinu sem var fellt úr stjórnarskránni hefði Xi þurft að láta af störfum þá.

Ýmislegt benti hins vegar til þess að Xi ætlaði alls ekki að láta sér tvö kjörtímabil duga áður en tilkynnt var um að til stæði að fella ákvæðið úr stjórnarskránni. Xi hefur, þvert á hefðir Kommúnistaflokksins, aldrei valið sér arftaka. Þá var nafn hans og hugmyndafræði rituð í stjórnarskrá flokksins í fyrra og var Xi þannig settur á sama stall og Maó Zedong, ofar öllum öðrum forsetum Kína.



Xi Jinping, forseti Kína. NORDICPHOTOS/AFP

Samkvæmt fréttaskýranda BBC er erfitt að sjá fram að nokkur geti skákað Xi Jinping. Hann sé langvaldamesti maður Kína og sé það mikil breyting frá því Hu Jintao var forseti 2003 til 2013 og forsætisnefnd Kommúnistaflokksins fór saman með stjórn ríkisins.

Ekki eru allir sáttir við breytingarnar. „Þetta gæti eyðilagt Kína og tortímt kínversku þjóðinni. Ég get ekki þagað um þetta. Ég verð að láta þá vita að þjóðin sé á móti þessu,“ sagði Li Datong, fyrrverandi ritstjóri, við The Guardian í gær en hann er einn þekktasti talsmaður frjálslyndis og stjórnarandstöðu í Kína. – þea




Suzuki Ignis er nýr valkostur fyrir þá sem vilja sparneytinn smábíl með öryggi og notagildi jepplings. Ignis hefur fengið frábæra dóma fyrir aksturseiginleika og einstaklega skemmtilega hönnun, jafnt utan sem innan.

Suzuki Ignis er með sparneytnum 90 hestafla dual Jet mótor en er einnig fáanlegur með Hybrid-búnaði sem gerir hann enn kraftmeiri og neyslugrennri.

FLUTT MEÐ EIMSKIP

SUZUKI

Fáðu nánari upplýsingar á suzuki.is

Suzuki bílar hf. | Skeifunni 17 | Sími 568 5100

# Þér hýstuð mig



Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrunb@frettabladid.is

Við vonum að við verðum hamingjusöm hér við öruggar aðstæður,“ sagði Sýrlendingurinn Tojan Al Nashy við komuna hingað til lands. Hann er í hópi sýrlenskra og írakskra fjölskyldna, kvótaflóttamanna, sem boðið var hingað til lands og setjast að á Vestfjörðum og Austfjörðum.

Það er vonandi að þessar fjölskyldur verði hamingjusamar í nýjum heimkynnum, víðs fjarri þeim stríðsátökum sem hröktu þær á flótta. Vonandi fá þær alla þá aðstoð og stuðning sem þær þurfa á að halda frá gestrisnum Íslendingum. Það verður þó ekki horft fram hjá því að hér á landi finnst hópur sem sekkur nánast í tilvistarþunglyndi við tilhugsunina um að flóttafólk setjist að hér á landi, ekki síst ef það aðhyllist aðra trú en kristni. Vitneskjan um að reynt sé að létta undir með flóttafólki, útvega því húsnæði og nauðsynjar framkallar síðan fordæmingu og upphrópanir eins og: „Við eigum nóg með okkur! Hér er fullt af bágstöddum Íslendingum! Af hverju er þeim ekki hjálpað!“ Síðan er bætt við þessari kostulegu fullyrðingu: „ Ég hef ekkert á móti þessu fólki en það er ekki eins og við.“ Vandlætingarræða viðkomandi heldur síðan áfram og þar kemur meðal annars fram að afar ískyggilegt sé að innflytjendur sem aðhyllast íslam séu að fjölga sér og ala upp börn því hætta sé á að múslimar muni fylla landið með hrikalegum afleiðingum.

Blessunarlega hefur stjórnmálaflokkur þar sem þessi viðhorf eru ríkjandi ekki komist til valda og vegsemdar í íslensku samfélagi. Þar með er ekki sagt að þessi hópur hatursfólks hafi ekki áhrif. Það var ekki síst fyrir tilstilli þessa kjósendahóps sem Framsóknarflokkurinn fékk tvo borgarfulltrúa í síðustu borgarstjórnarkosningum eftir að oddviti flokksins, Sveinbjörg Birna Sveinbjörnsdóttir, hafði látið sérkennileg orð falla um múslima. Forysta flokksins brást í því máli en nú er ásýnd Framsóknarflokksins orðin með geðþekkari hætti en áður var og er það vel.

Fjöldi flokka boðar þátttöku í næstu borgarstjórnarkosningum. Þar á meðal er Frelsisflokkurinn en meðal yfirlýstra markmiða flokksins er að berjast gegn því sem stofnendur segja vera múslimavæðingu Evrópu. Með framboði sínu vill flokkurinn forða því að slík múslimavæðing verði í Reykjavík og hafnar moskubyggingu hér á landi. Það stafar víst sérstök hryðjuverkaógn af því að múslimar fái að iðka trú sína. Flokkurinn leggur síðan mikla áherslu á að kristin gildi séu höfð í hávegum. Það er nokkuð áhyggjuefni fyrir þjóðkirkjuna að þeir sem tala hæst um hætturnar sem stafa af flóttamönnum, og þá sérstaklega múslimum, flokka sig um leið meðal helstu talsmanna kristni í landinu. Ansi er það nú einkennilegt og öfugsnúið. Staðreyndin er vitanlega sú að þessi hópur hatursfólks veit ekkert um náungakærleik og er gjörsamlega ófær um að setja sig í spor annarra. Ef þessi hópur hefði einhvern áhuga á kristnum gildum myndi hann hafa ofarlega í huga orðin úr Matteusarguðspjalli: „Því hungraður var ég og þér gáfuð mér að eta, þyrstur var ég og þér gáfuð mér að drekka, gestur var ég og þér hýstuð mig.“

**hér á landi finnst hópur sem sekkur nánast í tilvistarþunglyndi við tilhugsunina um að flóttafólk setjist að hér á landi**

MATVÍS

Aðalfundur

Félagsmenn í MATVÍS

Aðalfundur félagsins verður haldin miðvikudaginn 14. mars á Stórhöfða 31, kl. 16:00

Venjuleg aðalfundarstörf.

Formannskjör verður rafrænt frá kl. 12. mánudegi 12. mars til kl. 12. miðvikudags 14. mars.

Kynning á frambjóðendum á vef MATVÍS.

## Halldór




## Frá degi til dags

**Fámennur flokkur**
Viðreisn hélt landsþing í Hljómahöllinni í Reykjanesbæ núna um helgina. Þar gafst formanni flokksins, Þorgerði Katrínu Gunnarsdóttur, færi á að ávarpa flokksmenn og stefna flokksins var mótuð. Þorgerður sótti umboð til flokksmanna til að gegna embætti formanns og Þorsteinn Víglundsson var kjörinn varaformaður. Úr tilkynningum til fjölmiðla má lesa að þau hafi bæði fengið rússneska kosningu. Hins vegar kom ekki fram hversu mörg atkvæði voru greidd. Einhverjir pólitískir andstæðingar úr Sjálfstæðisflokknum hafa gert því skóna að forysta flokksins þori ekki að viðurkenna hversu fámennt þingið hafi verið.

**Ósáttur Ögmundur**
Ögmundur Jónasson, fyrrverandi þingmaður VG, tók þátt í að kynna fund í Safnahúsinu á laugardaginn þar sem hin umdeilda blaðakona Vanessa Beeley ræddi fréttaflutning af stríðinu í Sýrlandi. Ögmundur sendi tölvupóst á nokkra fréttamenn RÚV og mun hafa fengið heldur kaldar kveðjur frá einum þeirra. Þessar kveðjur virðist Ögmundur ekki par sáttur við. Sakar Ögmundur fréttamanninn um fordóma, þekkingarleysi og þöggun. Burtséð frá afstöðu til málefnisins sem deilt er um, þá er það merkileg tilbreyting að heyra í vinstrimanni sem ekki lofsyngur RÚV. jonhakon@frettabladid.is

# Einkarekstur og útvistun



Jón Sigurðsson
fv. skólastjóri

Almannavaldið hlýtur að móta stefnu og viðmið á mikilvægustu sviðum velferðar-, fræðslu- og heilbrigðisþjónustu og á fleiri sambærilegum sviðum. Ríki og sveitarfélög greiða mest af þessari starfsemi. Eðlilega fara þau þá líka með yfirstjórn, stefnumótun og eftirlit.

En það hæfir vel að frjáls samtök, sjálfseignarstofnanir og aðrir einkaaðilar taki að sér framfylgju og rekstur þeirra stofnana sem starfa að þessum málum. Reynsla er ágæt af því að rekstur sé ekki á höndum embættismanna.

Þetta getur átt við um t.d. öldrunarstofnanir, hjúkrunarheimili, heilsugæslu og læknastofur, uppeldisstofnanir, leikskóla, skóla og háskóla, rannsókna- og ráðgjafarstarfsemi, íþróttastarfsemi, söfn og sýningarsali, leikhús og aðra listastarfsemi og ýmislegt fleira.

Það skiptir miklu máli hvernig almannavaldið, ríki og sveitarfélög, ráðstafar þessum verkefnum. Vanda ber til samninga um slíka útvistun. Hún verður að lúta skýrum skilmálum: a) Almannavaldið setur stefnu, viðmið og mælistikur, og ákvarðar um gæði. b) Almannavaldið sér um virkt eftirlit, þ.m.t. gæðaeftirlit og fjárhagseftirlit. c) Almannavaldið hefur rétt til endurskoðunar samninga.

En þessir skilmálar eru ekki fullnægjandi. Við verður að bæta þessum: d) Sambærilegar mælistikur verði notaðar í útvistun sem í opinberum stofnunum á sama sviði. Þetta á m.a. við um umfang og umsvif, magn og gæði, aukastörf og viðbætur, hagræðingu og greiðslur.

Við þessa skilmála verður líka að bæta þessum: e) Arður verði ekki greiddur af starfseminni, nema þá samkvæmt skýrum sértækum heimildarákvæðum í þjónustusamningi. f) Sama gildi um greiðslur af skuldabréfum. Fyrir verða að liggja í samningi m.a. skýr ákvæði um stofnkostnað og afskriftir, endurnýjun og þróunarkostnað. g) Laun og þóknanir eigenda og stjórnenda í víðum skilningi fylgi viðmiðum sem skilgreind eru sérstaklega í þjónustusamningi.

Vandi er að semja þannig að málefnalegt sé og verki ekki aðeins til fælingar. Tryggja verður svigrúm og eðlilega hvata til þróunar, hagræðingar, gæða og umsvifa, en starfsemin verður jafnframt að vera laus við arðsókn.

**Tryggja verður svigrúm og eðlilega hvata til þróunar, hagræðingar, gæða og umsvifa, en starfsemin verður jafnframt að vera laus við arðsókn.**

FRÉTTABLAÐIÐ
ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Einar Þór Sverrisson FORSTJÓRI: Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI: Kristín Þorsteinsdóttir kristin@frettabladid.is
AÐSTOÐARRITSTJÓRAR: Kjartan Hreinn Njálsson kjartanh@frettabladid.is, Ólöf Skaftadóttir olof@frettabladid.is, Sunna Karen Sigurþórsdóttir sunnak@frettabladid.is.
Fréttablaðið kemur út í 85.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5800, ritstjorn@frettabladid.is HELGARBLAÐ: Kristjana Björg Guðbrandsdóttir kristjanabjorg@frettabladid.is MARKAÐURINN: Hörður Ægisson hordur@frettabladid.is
MENNING: Magnús Guðmundsson magnus@frettabladid.is LÍFIÐ: Guðný Hrönn Antonsdóttir gudnyhronn@frettabladid.is LJÓSMYNDIR: Vilhelm Gunnarsson villi@frettabladid.is FRAMLEIÐSLUSTJÓRI: Sæmundur Freyr Árnason sfa@frettabladid.is

# Framsókn til framtíðar



**Sigurður Ingi Jóhannsson**
formaður Framsóknarflokksins

Fjölmennu og afar vel heppnuðu flokksþingi Framsóknar lauk í gær. Yfirskrift þess var Framsókn til framtíðar.

Við höfum í hendi okkar hvernig við vinnum úr tækifærum framtíðarinnar og hvernig sú saga verður skrifuð. Á kjörtímabilinu verður unnið að því að byggja upp gott og samkeppnishæft samfélag. Engum vafa er undirorpið að ríkuleg verðmæti felast í því að landið allt sé í blómlegri byggð. Við eigum að vera í fremstu röð hvað jöfnuð snertir og skapa hvata til að laða ungt vel menntað fólk til þess að setjast að á landsbyggðinni.

Sýn Framsóknarflokksins er að íbúar landsins hafi jöfn tækifæri hvar sem þeir búa á landinu. Sem dæmi má nefna að íbúar á Raufarhöfn eða Þingeyri eiga rétt á að hafa sama aðgengi að grunnþjónustu og Reykvíkingar.

**Jöfn tækifæri**

Samfélagið er á fleygiferð. Framundan er tæknibylting sem breytir því hvernig við lifum og störfum. Störfin munu breytast og þau munu færast til. Tæknin tengir saman byggðir og Ísland við umheiminn. Ljósleiðarinn og verkefnið Ísland ljóstengt er gott dæmi um framsækna stefnu okkar framsóknarmanna.

Heilbrigðiskerfið þarf að standast samanburð við það sem best gerist í heiminum. Þjónustan á að vera sem mest í nærsamfélaginu, en jafnframt þarf að vera gott aðgengi að henni á höfuðborgarsvæðinu.

Aldrei hefur verið jafn mikil þörf á að jafna tækifæri allra landsmanna til atvinnu og þjónustu. Aldrei hefur verið jafn mikil þörf á að spyrna við fæti á svæðum sem búa við fólksfækkun og einhæft atvinnulífi. Um allt land er verk að vinna.

**Menntamál**

Á aldarafmæli Framsóknarflokksins, í desember 2016, var sem fyrr horft til framtíðar og settur á fót menntastefnuhópur til að móta nýja stefnu flokksins í menntamálum. Stefnan var síðan kynnt á nýliðnu flokksþingi.

Því miður eru mennta- og skólamál víða í ólagi og starfsumhverfi skólanna þarf að bæta. Skólinn á að vera eftirsóttur vinnustaður. Það er skylda okkar að efla skólastarfið á öllum stigum. Kennarar verja margir hverjir meiri tíma með börnunum en foreldrar. Þeir hafa áhrif á mannauð framtíðarinnar. Okkur ber skylda til þess að styðja betur við kennarana, en hér þurfa ríki og sveitarfélög að koma að.

Við megum ekki missa fleiri störf úr landi. Það þarf að efla nýsköpun og þróun á öllum skólastigum enda er menntun kjarninn í nýsköpun til framtíðar. Við erum í samkeppni við aðrar þjóðir um störfin okkar. Hvernig okkur tekst til mun ráða miklu um framtíðarlífskjör á Íslandi.

> Á kjörtímabilinu verður unnið að því að byggja upp gott og samkeppnishæft samfélag. Engum vafa er undirorpið að ríkuleg verðmæti felast í því að landið allt sé í blómlegri byggð.

**Samgöngur**

Við vitum líka að vegakerfið er grundvöllurinn að búsetu, atvinnulífi um land allt. Samgöngur eru hreyfiafl samfélagsins hvernig sem á það er litið. Við viljum og þurfum að komast leiðar okkar. Sum okkar eru einnig háð því að samgöngur á sjó séu skilvirkar. Frá og með deginum í dag verður sama fargjald og er til og frá Landeyjahöfn, þó siglt sé í Þorlákshöfn. Það er byggðastefna í verki.

Vegakerfið hefur setið á hakanum og krefst risavaxinna fjármuna. Í sáttmála ríkisstjórnarinnar segir að hraða eigi uppbyggingu í vegamálum. Vegakerfið var ekki byggt fyrir þá umferð sem við horfum nú upp á. Við höfum ekki undan við að endurbyggja þjóðvegina og koma þeim í það horf sem nútíma þjóðfélag krefst. Ástæðurnar eru öllum kunnar: Of lág fjárframlög til vegamála, stóraukin umferð og álag á vegakerfið.



Verkefnið er stórt og við ætlum í uppbygginu, enda veitir ekki af.

Við ætlum einnig að gera innanlandsflugið að raunhæfari kosti fyrir íbúa í dreifðum byggðum og tengja byggðir landsins saman með almenningssamgöngum. Aukin notkun mun stuðla að fjölgun ferðamanna um landið, allt árið um kring.

**Húsnæði**

Framsóknarflokkurinn hefur áorkað miklu í húsnæðismálum. Lög um fyrstu fasteign skiluðu góðum árangri fyrir fyrstu kaupendur. Húsnæðissamvinnufélög fengu betri umgjörð. En við viljum gera betur og halda áfram að styðja við ungt fólk. Við höfum horft til annarra þjóða í þeim efnum. Og hvernig við getum lært af þeim sem hafa glímt við sams konar vanda og fundið á honum lausnir. Staðan er alvarleg, ekki bara á höfuðborgarsvæðinu heldur einnig vítt og breitt um landið.

**Ísland í fremstu röð**

Fyrir kosningar lögðum við áherslu á að bankarnir nýttu strax það svigrúm sem þeir hafa til að greiða arð í ríkissjóð. Við stöndum við það loforð. Við ætlum að nýta fjármagn frá bönkunum til að byggja upp vegakerfið. Innviðir er slagæðar samfélagsins. Án þeirra drögumst við aftur úr öðrum þjóðum og samkeppnishæfni landsins minnar. Framsóknarflokkurinn ætlar að koma Íslandi í fremstu röð. Framsókn til framtíðar.



# Arnar klófesti loks bikarhvalinn

Karlalið ÍBV í handbolta varð bikarmeistari í þriðja sinn eftir 27-35 sigur á Fram á laugardaginn. Þjálfarinn Arnar Pétursson var búinn að bíða lengi eftir bikarmeistaratitli. Agnar Smári Jónsson fór hamförum í úrslitaleiknum, skoraði 12 mörk og reyndist Fram erfiður.


Arnar Pétursson var tolleraður af lærisveinum sínum eftir sigurinn í Coca Cola-bikar karla. Þetta er þriðji bikarmeistaratitill ÍBV í karlaflokki. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

**HANDBOLTI** Eyjamenn elska bikarúrslitaleiki, allavega síðasta árið. Bæði karla- og kvennalið ÍBV eru ríkjandi bikarmeistarar í fótbolta og á laugardaginn tryggði ÍBV sér bikarmeistaratitilinn í handbolta karla með átta marka sigri á Fram, 27-35. Karlalið ÍBV í handbolta hefur farið þrisvar sinnum í úrslitaleikinn og alltaf snúið heim með bikarinn í farteskinu (1991, 2015 og 2018).

Úrslitaleikurinn á laugardaginn var jafn framan af. Frammarar byrjuðu vel en Eyjamenn voru lengi í gang. En um leið og Aron Rafn Eðvarðsson byrjaði að verja í marki ÍBV náði liðið undirtökunum. Eyjamenn kláruðu fyrri hálfleikinn með 7-2 kafla og leiddu með fjórum mörkum í hálfleik, 12-16. Aron Rafn hefur ekki verið upp á sitt besta í vetur en hann sýndi hvers hann er megnugur í leikjunum um helgina og með hann í þessu stuði eru Eyjamenn óárennilegir.

Í seinni hálfleik breikkaði bilið og Fram var aldrei líklegt til að koma til baka. Frammarar, sem höfðu spilað framlengdan undanúrslitaleik gegn Selfossi daginn áður, sprungu á limminu og Eyjamenn lönduðu öruggum átta marka sigri, 27-35.

„Ég átti þennan eftir. Ég er búinn að sækja grimmt að honum og þetta er kærkomið,“ segir Arnar Pétursson, þjálfari ÍBV, við Fréttablaðið eftir leikinn. Þrátt fyrir að hafa verið lengi að, bæði sem leikmaður og þjálfari, var þetta fyrsti bikarmeistaratitill Arnars á ferlinum. Hann er búinn að eltast lengi við þennan hval og klófesti hann loks á laugardaginn.

Arnar hrósaði liði Fram og þjálfara þess, Guðmundi Helga Pálssyni, í hástert eftir bikarúrslitaleikinn.

„Fram spilaði framlengdan leik í gær [á föstudaginn], er að nota færri menn en við og það taldi. En ég vil hrósa Frömmurum. Þetta eru algjör ólíkindatól. Þeir eru að mínu mati með besta þjálfarann í deildinni og einn af þeim betri í íslenskum handbolta í dag. Hann nær ótrúlega miklu út úr þessum strákum sem eflast undir hans stjórn og verða betri og betri. Þetta er flott og skemmtilegt lið,“ segir Arnar sem var einnig þjálfari ÍBV, ásamt Gunnari Magnússyni, þegar liðið varð Íslandsmeistari árið 2014.

Margir leikmenn ÍBV spiluðu vel í bikarúrslitaleiknum, þó enginn betur en Agnar Smári Jónsson. Hann var sjóðheitur, skoraði 12 mörk úr aðeins 13 skotum og átti sinn besta leik síðan í oddaleiknum fræga gegn Haukum fyrir fjórum árum.

„Hann er ótrúlegur drengur. Ég veit ekki hvað ég á að segja um hann. Hann elskar þessa leiki og stígur upp í þeim,“ segir Arnar að endingu. **ingvithor@frettabladid.is**

## Úrslitaleikur karla

**Fram 27-35 ÍBV**
(12-16)

**Fram:** Svanur Páll Vilhjálmsson 6, Arnar Birkir Hálfdánsson 5, Þorsteinn Gauti Hjálmarsson 4, Matthías Daðason 3, Sigurður Þorsteinsson 2, Þorgrímur Smári Ólafsson 2, Andri Þór Helgason 2, Davíð Reynisson 1, Valdimar Sigurðsson 1, Bjartur Guðmundsson 1.
**ÍBV:** Agnar Smári Jónsson 12, Theodór Sigurbjörnsson 8/1, Sigurbergur Sveinsson 6, Kári Kristjánsson 4, Andri Heimir Friðriksson 2, Friðrik Hólm Jónsson 1, Róbert Aron Hostert 1, Grétar Þór Eyþórsson 1.



35 ára
HRAUNHAMAR
FASTEIGNASALA
Bæjarhrauni 10 Hafnarfirði • Sími 520 7500 • www.hraunhamar.is
Stofnuð 1983
Fasteignasalan þín í 35 ár
Starfsfólk Hraunhamars
Bæjarhrauni 10 • Hafnarfirði • Sími 520 7500 • www.hraunhamar.is

# Nýjast

## Dominos-deild kvenna

### Haukar - Snæfell 85-73

**Haukar:** Whitney Frazier 30/10 fráköst, Helena Sverrisdóttir 21/17 fráköst/12 stoðssendingar/6 stolnir/3 varin skot, Þóra Kristín Jónsdóttir 15/6 stoðsendingar, Fanney Ragnarsdóttir 9, Rósa Björk Pétursdóttir 5/7 fráköst, Sigrún Björg Ólafsdóttir 3, Anna Lóa Óskarsdóttir 2.

**Snæfell:** Kristen McCarthy 32/17 fráköst, Rebekka Rán Karlsdóttir 13, Gunnhildur Gunnarsdóttir 11/6 stolnir, Alda Leif Jónsdóttir 7, Andrea Björt Ólafsdóttir 4, Sara Diljá Sigurðardóttir 4, Júlía Steindórsdóttir 2.

### Stjarnan - Njarðvík 77-64

**Stjarnan:** Danielle Rodriguez 46/12 fráköst/9 stoðsendingar/4 varin skot, Bríet Sif Hinriksdóttir 19/8 fráköst, Jenný Harðardóttir 8/4 varin skot, María Lind Sigurðardóttir 4/14 fráköst.

**Njarðvík:** Shalonda Winton 27/28 fráköst, Ína María Einarsdóttir 12, Hrund Skúladóttir 9, María Jónsdóttir 6, Hulda Bergsteinsdóttir 4/7 fráköst, Björk Gunnarsdóttir 4/6 stoðsendingar, Erna Freydís Traustadóttir 2.

### Keflavík - Breiðablik 80-72

**Keflavík:** Brittanny Dinkins 28/12 fráköst, Birna Valgerður Benónýsdóttir 12/7 fráköst, Thelma Dís Ágústsdóttir 10/11 fráköst/7 stoðsendingar, Elsa Albertsdóttir 8, Svanhvít Ósk Snorradóttir 8, Erna Hákonardóttir 6, Kamilla Sól Viktorsdóttir 3, Anna Ingunn Svansdóttir 3, Katla Rún Garðarsdóttir 2.

**Breiðablik:** Whitney Knight 31/15 fráköst, Telma Lind Ásgeirsdóttir 17/4 varin skot, Isabella Ósk Sigurðardóttir 11/12 fráköst, Sóllilja Bjarnadóttir 10/4 varin skot, Auður Íris Ólafsdóttir 2, Hafrún Erna Haraldsdóttir 1.

### Skallagrímur - Valur 83-75

**Skallagrímur:** Carmen Tyson-Thomas 32/20 fráköst/6 stoðsendingar, Jóhanna Björk Sveinsdóttir 17/7 fráköst, Heiðrún Harpa Ríkharðsdóttir 16, Sigrún Sjöfn Ámundadóttir 11/9 fráköst/8 stoðsendingar, Bríet Lilja Sigurðardóttir 4, Jeanne Lois Figueroa Sicat 3.

**Valur:** Hallveig Jónsdóttir 23, Aalyah Whiteside 22/14 fráköst/6 stoðsendingar, Elín Sóley Hrafnkelsdóttir 11, Bergþóra Holton Tómasdóttir 8, Guðbjörg Sverrisdóttir 6/9 fráköst, Dagbjört Dögg Karlsdóttir 3, Ragnheiður Benónísdóttir 2.

| Efri | | Neðri | |
|---|---|---|---|
| Haukar | 38 | Skallagr. | 24 |
| Valur | 34 | Breiðablik | 20 |
| Keflavík | 32 | Snæfell | 18 |
| Stjarnan | 26 | Njarðvík | 0 |


# Aðalfundur N1 hf.

Aðalfundur N1 hf. verður haldinn mánudaginn 19. mars 2018 klukkan 16.00
í höfuðstöðvum félagsins að Dalvegi 10-14, Kópavogi.

## Dagskrá fundarins

1. Skýrsla stjórnar um starfsemi félagsins á liðnu starfsári
2. Skýrsla forstjóra og ársreikningur kynntur
3. Staðfesting ársreiknings fyrir síðastliðið reikningsár og tekin ákvörðun um hvernig fara skuli með hagnað félagsins
4. Ákvörðun tekin um greiðslu arðs vegna rekstrarársins 2017
5. Skilyrt tillaga stjórnar um styttingu kjörtímabils þeirrar stjórnar sem kjörin skal á aðalfundi félagsins 19. mars 2018
6. Stjórnarkjör
7. Kjör endurskoðanda eða endurskoðunarfirma
8. Ákvörðun um þóknun til stjórnarmanna og undirnefnda stjórnar
9. Tillaga stjórnar að starfskjarastefnu félagsins
10. Tillaga stjórnar um heimild til kaupa á eigin hlutabréfum
11. Önnur mál löglega upp borin

## Aðrar upplýsingar

Öll skjöl og tillögur sem lagðar verða fyrir aðalfund verður að finna á vefsíðu félagsins **www.n1.is/fjarfestatengsl**. Hluthöfum stendur einnig til boða að nálgast skjölin í höfuðstöðvum félagsins að Dalvegi 10-14, Kópavogi, virka daga milli klukkan 9.00-16.00. Fundurinn fer fram á íslensku og verða fundargögn jafnframt á íslensku.

Hluthafar geta látið umboðsmann sækja hluthafafundinn fyrir sína hönd. Umboðsmaður skal leggja fram skriflegt umboð.

Ekki verður hægt að greiða atkvæði með rafrænum hætti á fundinum. Hluthöfum gefst kostur á að greiða atkvæði um mál sem eru á dagskrá fundarins bréflega. Skal beiðni um slíka atkvæðagreiðslu hafa borist skrifstofu félagsins eða á netfangið **hluthafar@n1.is** eigi síðar en fimm dögum fyrir fundinn, þ.e. fyrir kl. 16.00 miðvikudaginn 14. mars 2017.

Endanleg dagskrá og tillögur verða birtar viku fyrir fundinn. Samkvæmt 63. gr. a. hlutafélagalaga nr. 2/1995 ber að tilkynna um framboð til stjórnar skriflega með minnst fimm sólarhringa fyrirvara fyrir aðalfund, eða fyrir kl. 16.00 miðvikudaginn 14. mars 2018. Framboðum skal skila á skrifstofu **N1 hf.**, Dalvegi 10-14, Kópavogi, eða á netfangið **hluthafar@n1.is**.

Upplýsingar um frambjóðendur til stjórnar verða birtar eigi síðar en tveimur dögum fyrir aðalfund. Allir núverandi stjórnarmenn félagsins hafa þegar gefið kost á sér til endurkjörs. Hluthafar eiga rétt á að krefjast hlutfallskosningar eða margfeldiskosningar við stjórnarkjör í tvo sólarhringa frá því að stjórn kunngerir niðurstöður framboða til stjórnar, ef ekki er sjálfkjörið.

Aðgöngumiðar, atkvæðaseðlar og önnur fundargögn verða afhent frá klukkan 15.30 á aðalfundardegi.

**Stjórn N1 hf.**

N1

INHOPE insafe SAFT

Ábendingahnappinn má finna á **www.barnaheill.is**






Premier League

## Enska úrvalsdeildin

**Úrslit 30. umferðar 2017-18**

**Man. Utd. - Liverpool 2-1**
1-0 Marcus Rashford (14.), 2-0 Rashford (24.), 2-1 Sjálfsmark (66.).

**Everton - Brighton 2-0**
1-0 Sjálfsmark (60.), 2-0 Cenk Tosun (76.).

**Huddersfield - Swansea 0-0**

**Newcastle - S'oton 3-0**
1-0 Kenedy (2.), 2-0 Kenedy (29.), 3-0 Matt Ritchie (57.).

**West Brom - Leicester 1-4**
1-0 Salomón Rondón (8.), 1-1 Jamie Vardy (21.), 1-2 Riyad Mahrez (62.), 1-3 Kelechi Iheanacho (76.), 1-4 Vicente Iborra (90+3.).

**West Ham - Burnley 0-3**
0-1 Ashley Barnes (66.), 0-2 Chris Wood (70.), 0-3 Wood (81.).

**Chelsea - C. Palace 2-1**
1-0 Willian (25.), 2-0 Sjálfsmark (32.), 2-1 Patrick van Aanholt (90.).

**Arsenal - Watford 3-0**
1-0 Shkodran Mustafi (8.), 2-0 Pierre-Emerick Aubameyang (59.), 3-0 Henrikh Mkhitaryan (77.).

**B'mouth - Tottenham 1-4**
1-0 Junior Stanislas (7.), 1-1 Dele Alli (35.), 1-2 Son Heung-Min (62.), 1-3 Son (87.), 1-4 Serge Aurier (90+1.).

## Staðan

| FÉLAG | L | U | J | T | MÖRK | S |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Man. City | 29 | 25 | 3 | 1 | 83-20 | 78 |
| Man. Utd. | 30 | 20 | 5 | 5 | 58-23 | 65 |
| Tottenham | 30 | 18 | 7 | 5 | 59-25 | 61 |
| Liverpool | 30 | 17 | 9 | 4 | 68-34 | 60 |
| Chelsea | 30 | 17 | 5 | 8 | 52-27 | 56 |
| Arsenal | 30 | 14 | 6 | 10 | 55-41 | 48 |
| Burnley | 30 | 11 | 10 | 9 | 27-26 | 43 |
| Leicester | 30 | 10 | 10 | 10 | 45-43 | 40 |
| Everton | 30 | 10 | 7 | 13 | 35-49 | 37 |
| Watford | 30 | 10 | 6 | 14 | 39-50 | 36 |
| Brighton | 30 | 8 | 10 | 12 | 28-40 | 34 |
| B'mouth | 30 | 8 | 9 | 13 | 35-48 | 33 |
| Newcastle | 30 | 8 | 8 | 14 | 30-40 | 32 |
| Swansea | 30 | 8 | 7 | 15 | 25-42 | 31 |
| Huddersf. | 30 | 8 | 7 | 15 | 25-40 | 31 |
| West Ham | 30 | 7 | 9 | 14 | 36-57 | 30 |
| S'oton | 30 | 5 | 13 | 12 | 29-44 | 28 |
| C. Palace | 30 | 6 | 9 | 15 | 28-48 | 27 |
| Stoke | 29 | 6 | 9 | 14 | 28-54 | 27 |
| West Brom | 30 | 3 | 11 | 16 | 23-47 | 20 |

## Okkar menn

**Íslendingar í efstu tveimur deildunum í Englandi**

Everton
**Gylfi Þór Sigurðsson**

Lék allan leikinn þegar Everton vann 2-0 sigur á Brighton á heimavelli. Everton er í 9. sæti ensku úrvalsdeildarinnar.

Burnley
**Jóhann Berg Guðm.**

Var á sínum stað í byrjunarliði Burnley sem vann West Ham 0-3. Átti stóran þátt í þriðja marki Burnley.

Cardiff City
**Aron Einar Gunnarsson**

Er enn frá vegna meiðsla og lék ekki með Cardiff í 3-2 heimasigri á Birmingham.

Reading
**Jón Daði Böðvarsson**

Skoraði fyrra mark Reading í 2-2 jafntefli við Leeds á heimavelli.

Aston Villa
**Birkir Bjarnason**

Kom inn á sem varamaður og skoraði fjórða mark Aston Villa í 1-4 sigri á Wolves.

Bristol City
**Hörður B. Magnússon**

Lék seinni hálfleikinn þegar Bristol City gerði markalaust jafntefli við Burton.



**Marcus Rashford fagnar fyrir framan stuðningsmenn Manchester United. Hann var hetja liðsins í stórleiknum gegn Liverpool.** NORDICPHOTOS/GETTY

# Rashford gerði gæfumuninn

Marcus Rashford skoraði bæði mörk Manchester United í 2-1 sigri á Liverpool í uppgjöri erkifjendanna.

**FÓTBOLTI** Tvö mörk frá Marcus Rashford tryggðu Manchester United sigur á Liverpool í slag erkifjendanna á Old Trafford á laugardaginn.

Þetta var fyrsti leikur Rashfords í byrjunarliði United í ensku úrvalsdeildinni síðan á öðrum degi jóla og hans fyrstu deildarmörk síðan 12. desember. Þetta var jafnframt í fyrsta sinn sem Rashford skorar tvö mörk í deildarleik síðan í 3-2 sigri á Arsenal 28. febrúar 2016. Það var fyrsti leikur hans fyrir United í ensku úrvalsdeildinni á ferlinum.

United var sterkari aðilinn í fyrri hálfleik þótt Liverpool hafi verið meira með boltann. Rashford kom heimamönnum yfir á 14. mínútu eftir að hafa leikið skemmtilega á Trent Alexander-Arnold, hægri bakvörð gestanna. Romelu Lukaku vann skallaeinvígi við Dejan Lovren í aðdraganda marksins. Hann gerði það einnig í öðru marki United sem kom 10 mínútum eftir það fyrsta. Boltinn barst þá til Rashfords sem skoraði með skoti sem hafði viðkomu í Alexander-Arnold.

Liverpool sótti nær allan seinni hálfleikinn, án þess þó að ógna marki United að neinu ráði. Gestirnir fengu líflínu þegar Eric Bailly skoraði kostulegt sjálfsmark á 66. mínútu en nær komust þeir ekki. David De Gea hafði lítið að gera í marki United og Ashley Young hélt hinum skeinuhætta Mohamed Salah í skefjum.

„Þetta var fullkomin frammistaða hjá okkur í tveimur ólíkum hálfleikjum. Mér er alveg sama þótt fólk segir að við höfum ekki átt þetta skilið," sagði José Mourinho, knattspyrnustjóri United, eftir leikinn. Með sigrinum náðu hans menn fimm stiga forskoti á Liverpool í 2. sæti deildarinnar þegar átta umferðum er ólokið.

„Við ætluðum ekki að vera svona varnarsinnaðir í seinni hálfleik. Liverpool þrýsti okkur aftar á völlinn en ég man ekki eftir því að De Gea hafi þurft að taka á honum stóra sínum. Ég man ekki eftir neinum færum. Við stjórnuðum leiknum án þess að vera með boltann. Við áttum sigurinn skilið," bætti Mourinho við.

Kollegi hans hjá Liverpool, Jürgen Klopp, var ekki sáttur við varnarleik sinna manna í mörkunum sem Rashford skoraði.

„Það er ekki góð hugmynd að lenda 2-0 undir gegn United. Lukaku er einn af bestu framherjum heims og við þurftum að vinna boltana sem féllu af honum. Við gerðum það ekki og Rashord nýtti sér það í tvígang," sagði Klopp og sendi dómaranum, Craig Pawson, pillu.

„Við fengum möguleika á langskotum en við vorum ekki nógu góðir. Við skoruðum einu sinni og ég held að allir geti verið sammála um að við áttum að fá víti en það hjálpar okkur ekki núna."

Klopp hefur stýrt Liverpool sjö sinnum gegn United og árangurinn er ekkert til að hrópa húrra fyrir. Liverpool hefur aðeins unnið einn þessara leikja, í Evrópudeildinni vorið 2016, gert fjögur jafntefli og tapað tveimur leikjum. United hefur haft gott tak á Liverpool á undanförnum árum. Frá upphafi tímabilsins 2014-15 hafa liðin mæst 10 sinnum. United hefur unnið fimm þessara leikja, Liverpool einn og fjórum sinnum hefur orðið jafntefli.

Það er skammt stórra högga á milli hjá United. Á morgun mætir liðið Sevilla á heimavelli í seinni leik liðanna í 16-liða úrslitum Meistaradeildar Evrópu. Fyrri leiknum lyktaði með markalausu jafntefli. Á laugardaginn fær United svo Brighton í heimsókn í 8-liða úrslitum ensku bikarkeppninnar. Það er titill sem Mourinho hefur aðeins unnið einu sinni (2007) og þyrstir eflaust í.

Liverpool á ekki leik fyrr en á laugardaginn þegar liðið mætir Watford. Annað sætið er orðið fjarlægt en Rauði herinn er enn í kjörstöðu til að tryggja sér Meistaradeildarsæti. **ingvithor@frettabladid.is**

## Stóru málin

**eftir helgina í enska boltanum**

**Stærstu úrslitin**
Manchester United vann stórleikinn gegn Liverpool, þökk sé tveimur mörkum frá Marcus Rashford. Þetta var þriðji deildarsigur United í röð. Eftir leikinn munar fimm stigum á United og Liverpool. Chelsea er nú fjórum stigum frá Liverpool sem er í 4. sætinu.

**Hvað kom á óvart?**
Að Burnley skyldi skora þrjú mörk á 15 mínútna kafla gegn West Ham. Vel skipulagður varnarleikur er helsta ástæðan fyrir góðu gengi Burnley í vetur en sóknarleikurinn hefur ekki verið neitt sérstakur. Fyrir leikinn var Burnley aðeins búið að skora 24 mörk í 29 leikjum.

**Mestu vonbrigðin**
Laugardagurinn var afar vondur fyrir West Ham. Ekki nóg með að liðið tapaði 0-3 fyrir Burnley heldur réðust stuðningsmenn liðsins inn á Lundúnaleikvanginn. Einn þeirra tók hornfána ófrjálsri hendi. Stuðningsmenn West Ham eru afar ósáttir við eigendur félagsins.

## Leikmaður helgarinnar




Chris Wood breytti leik West Ham og Burnley eftir að hann kom inn á sem varamaður á 61. mínútu, í stöðunni 0-0. Fimm mínútum síðar lagði hann upp mark fyrir Ashley Barnes, félaga sinn í framlínu Burnley.

Wood skoraði svo sjálfur á 70. mínútu eftir sendingu frá Aaron Lennon. Ný-Sjálendingurinn var ekki hættur og hann skoraði annað mark sitt og þriðja mark Burnley níu mínútum fyrir leikslok. Hann var þá fyrstur að átta sig eftir að Joe Hart varði skot Jóhanns Berg Guðmundssonar út í teiginn og skoraði auðveldlega.

Wood hefur verið talsvert mikið frá vegna meiðsla eftir að Burnley keypti hann frá Leeds United fyrir metverð í sumar. Wood er þó allur að koma til og skoraði sigurmarkið gegn Everton um þarsíðustu helgi. Hann hefur alls skorað sjö mörk fyrir Burnley í ensku úrvalsdeildinni og er markahæstur í liðinu. – iþs

# Fólk
Lífsstíll

MÁNUDAGUR 12. MARS 2018



Auður Rafnsdóttir, höfundur bókarinnar Kryddjurtarækt fyrir byrjendur, segir mars og apríl góðan tíma til að sá fyrir kryddjurtum.

# Tími kominn á kryddjurtirnar

Auður Rafnsdóttir segir lítið mál að rækta kryddjurtir í eldhúsglugganum. Nú sé einmitt tíminn til þess að sá og uppskera svo ilmandi ferskt krydd í matseldina eftir nokkrar vikur. Minta sé tilvalin fyrir krakka að rækta enda bragðist hún vel út á ís og í ávaxtaþeyting. →2

ENZYMEDICA
Áttu við meltingar-vandamál að stríða?




Eftir nokkrar vikur ætti blómleg ræktun að vera komin í gang í suðurglugganum.

**Ragnheiður Tryggvadóttir**
heida@frettabladid.is



Mín þumalputtaregla er að byrja þegar bjart er orðið úti til klukkan sjö á kvöldin og þá bjart í sex til átta tíma yfir daginn. Það er því ágætt að byrja í mars og apríl," segir Auður Rafnsdóttir, höfundur bókarinnar Kryddjurtarækt fyrir byrjendur, spurð hvenær sé tímabært að sá fyrir kryddjurtum í eldhúsglugganum.

Matgæðingum er því óhætt að draga á sig garðyrkjuhanskana og fjárfesta í fræjum.

Vel megi rækta kryddjurtir allt árið um kring á Íslandi þó kalt sé. Stærsta hluta ársins sé nægilegt að nota suðurglugga eða vermireit með glæru plastloki. Í „innigörðum" með lýsingu megi rækta allt árið. Jurtirnar þurfi hvíldartíma frá nóvember og fram í mars við eðlilegar aðstæður.

*Hvernig er best að byrja?*
„Fræjum er sáð í sáðmold eða sáðmoldarkubba. Mér finnst sjálfri þægilegt að nota kubbana," segir Auður. „Þá er þremur til fimm fræjum, það fer aðeins eftir stærð, sáð í hvern kubb. Það er alltaf hægt að grisja síðar. Fræin eru látin liggja á yfirborðinu og vökvað vel. Bæði sáðmoldin og sáðmoldarkubbarnir þurfa mikinn og stöðugan raka fyrstu vikurnar og til dæmis er gott að spreyja yfirborðið tvisvar á dag," útskýrir Auður.





**Skemmtilegur tími tekur við þegar jurtirnar fara að teygja sig upp úr moldinni.**

**Auður dembir plöntunum gjarnan í bað ef hún verður vör við lús. Baðið endurtaki hún í nokkra daga þar til lúsin er horfin.**

Skemmtilegur tími taki nú við að fylgjast með jurtunum spretta upp úr moldinni. Þegar vöxturinn er kominn vel á veg má flytja pottana út á svalir ef plássið er lítið í glugganum.

„Kryddjurtir, aðrar en basilíku, má flytja út í garð eða út á svalir en huga þarf að skjóli því það er vindasamt hjá okkur á Íslandi. Sjálf flyt ég aldrei mínar út fyrr en eftir 17. júní en ég hef lent í næturfrosti í byrjun júní," segir Auður.

„Fjölærar kryddjurtir eins og minta, steinselja (tvíær), graslaukur, rósmarín, timían, oreganó og salvía koma upp aftur að ári en þurfa gott skjól yfir vetrartímann. Basilíka, kóreander og dill eru einærar plöntur hér á landi."

Spurð hverju hún mæli með fyrir byrjendur í kryddjurtarækt segir Auður tiltölulega auðvelt að koma fjölærum jurtum til.

„Minta og graslaukur eru auðveld í ræktun og er fallegt að hafa í pottum úti á palli, á svölunum eða úti í garði. Þá er einfalt að færa pottana til eftir vatni og vindi. Ég mæli líka með því að byrjendur kaupi litlar forræktaðar jurtir. Mér finnst það þægilegt sjálfri og bæði sái fræjum og kaupi forræktað."

Beðin um ráð við lús, leiðindagest sem getur látið sjá sig á kryddjurtum, segir hún best að demba þeim í bað.

„Ég fylgist alltaf vel með jurtunum, sérstaklega ef þær eru inni, skoða þær daglega og sný við laufblöðum. Ef ég verð vör við lús skelli ég plöntunni strax í snöggt bað, til dæmis í djúpan vask eða bala. Ég geri þetta nokkra daga í röð og þá hverfur lúsin."

*Hverju mælirðu með fyrir krakka?* „Minta er skemmtileg fyrir krakka að rækta. Til dæmis er gaman að rækta mismunandi bragðtegundir af mintu og klippa út á ísinn, ávextina eða í þeyting og orkudrykki."

HÚSAVIÐGERÐIR.IS
MÚR- OG STEYPUVIÐGERÐIR
ALHLIÐA MÚRVERK
ÞAKVIÐGERÐIR
GLUGGASKIPTI
HAFÐU SAMBAND
INFO@HUSAVIDGERDIR.IS
SÍMI 565-7070
Finndu okkur á Facebook

# Kryddolía út á salatið

- 1 msk fersk minta
- 1 tsk ferskt oregano
- 1 miðlungs stór jalapenopipar, fræhreinsaður
- 1 hvítlauksgeiri
- 2 msk ferskur sítrónusafi
- ¼ tsk sjávarsalt
- ¾ bolli góð ólívuolía

Hellið olíunni í litla skál og merjið allt hráefnið í morteli. Mokið svo úr mortelinu í olíuna og hrærið vel saman. Einnig má demba öllu hráefninu í blandara eða magic bullet og blanda þannig öllu vel saman. Fyrir meira bragð má setja minna af olíu og öfugt ef bragðið á ekki að vera mikið. Kryddolían geymist í lokuðu íláti en skilur sig svo gott er að hrista eða hræra aftur saman fyrir notkun. Gott yfir salat.
**www.paleoplan.com**



**Fólk er kynningarblað** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

**Umsjónarmenn efnis:** **Elín Albertsdóttir,** elin@frettabladid.is, s. 512 5349 | **Ragnheiður Tryggvadóttir,** heida@frettabladid.is, s. 512 5367 | **Oddur Freyr Þorsteinsson,** oddurfreyr@frettabladid.is, s. 512 5368 | **Sigríður Inga Sigurðardóttir,** sigriduringa@frettabladid.is, s. 512 5372 | **Starri Freyr Jónsson,** starri@frettabladid.is, s. 512 5358 | **Þórdís Lilja Gunnarsdóttir,** thordisg@frettabladid.is s. 512 5338

**Útgefandi:** 365 miðlar
**Ábyrgðarmaður:** Elmar Hallgríms Hallgrímsson
**Sölumenn:** **Atli Bergmann,** atli@frettabladid.is, s. 512 5457 | **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@frettabladid.is, s. 512 5429 | **Ólafur H. Hákonarson,** olafurh@frettabladid.is, s. 512 5433 | **Máté Dalmay,** mate@frettabladid.is, s. 512 5442 ,

# Fasteignablaðið

11. TBL. MÁNUDAGUR 12. MARS 2018

FASTEIGNIR.FRETTABLADID.IS



heimili fasteignasala – á traustum grunni


Bogi Pétursson lögg.fasteignasali


Finnbogi Hilmarsson lögg. fasteignasali


Guðbjörg G. Blöndal lögg. fasteignasali


Jón Bergsson hdl. og lögg. fasteignasali


Brynjólfur Snorrason lögg. fasteignasali


Gunnlaugur A. Björnsson lögg. fasteignasali


Ásdís Írena Sigurðardóttir skrifstofustjóri


Ragnar Þorgeirsson viðskiptafræðingur

Félag Fasteignasala

Finndu okkur á Facebook

530 6500 Grensásvegi 3 | Opið mán. – fös. frá kl. 9–17 | www.heimili.is 530 6500



MIÐBORG fasteignasala

Elín Viðarsdóttir
Löggiltur fasteignasali
+354 695 8905
elin@midborg.is



## Sogavegur – 46,9 m




- *Hæð í þríbýli*
- *Eignin er skráð skv. ÞÍ 97,8 m²*
- *Sér inngangur*
- *Sér verönd*
- *Öll rými á hæðinni*
- *Mikið endurnýjuð eign*
- *2 svefnherbergi*
- *2 stofur*
- *Endurnýjað eldhús*
- *2016: sett dren í kringum húsið og skipt um skólplagnir*

Miðborg fasteignasala • Sundagarðar 2 • 104 Reykjavík • Sími: 533 4800
www.midborg.is


# Fallegt raðhús í Fossvogi

Híbýli fasteignasala sími 585-8800 kynnir fallegt og vel skipulegt raðhús á rólegum stað í Fossvogsdalnum. Möguleiki á aukaíbúð með sérinngangi. Húsinu hefur verið vel viðhaldið á undanförnum árum.

Forstofa er með flísum á gólfi en þar fyrir innan er gestasalerni og rúmgott forstofuherbergi. Borðstofa er opin við hol en þaðan er eldhúsið, aðskilið að hluta, sem var endurnýjað fyrir nokkrum árum. Í eldhúsi er eyja sem hægt er að sitja við. Úr holi er gengið upp fjögur þrep í setustofu, stórir glugga með fallegu útsýni og arinn. Sjónvarpsherbergi þar fyrir innan.

Gengið niður steyptan, parketlagðan stiga á neðri hæð hússins þar sem er hjónaherbergi með útgengi í bakgarð. Garður er hellulagður og tyrfður að hluta. Rúmgott barnaherbergi sem var áður tvö herbergi, parket á gólfi og fataskápur. Annað minna barnaherbergi er á hæðinni.

Baðherbergi er bæði með baðkari og sturtu. Á neðri hæð er hol sem hægt er að nýta undir vinnuaðstöðu en einnig er geymsla undir stiganum. Gott svefnherbergi við inngang á neðri hæð.

Rúmgott þvottahús með dúk á gólfi, skápum og hillum. Köld geymsla er undir útitröppum. Mögulegt væri að útbúa einstaklingsíbúð í innri hluta neðri hæðar með sérinngangi.

Frábær staðsetning á skjólsælum stað, stutt í skóla, leikskóla, falleg


**Húsið er á góðum stað í Fossvogi.**


**Opið hús verður í Logalandi 38, miðvikudaginn 14. mars frá kl 17 til 17.30.**

Nánari upplýsingar á skrifstofu Híbýla í síma 585-8800 eða á netfanginu hibyli@hibyli.is. Ingibjörg Þórðardóttir, löggiltur fasteignasali, s. 864-8800 / ingibjorg@hibyli.is
Ólafur Már Ólafsson, löggiltur fasteignasali, s. 865-8515 / olafur@hibyli.is
Opið hús verður í Logalandi 38, miðvikudaginn 14. mars frá kl 17 til 17.30.


Fasteignasala Mosfellsbæjar


Einar Páll Kjærnested
lögg. fasteignasali.
einar@fastmos.is

KJARNA - ÞVERHOLTI 2 • 270 MOSFELLSBÆ • SÍMI: 586 8080 • FAX: 586 8081
WWW.FASTMOS.IS

## Smáragata 9 - 101 Reykjavík





Fallegt parhús á þremur hæðum með auka íbúð í kjallara á eignarlóð við Smáragötu 9 í Reykjavík. Eignin er skráð á einu fastanúmeri. Eignin er skráð 280,9 m² og birt stærð eignarinnar sögð vera 204,8 m2. **V. 110,0 m.**

## Lynghals 3 - 110 Reykjavík




651,1 m2 atvinnuhúsnæði á efstu hæð við Lynghals 3. Eignin er á tveimur fastanúmerum. 02-01 sem er 445,7 m2 og 02-02 sem er 205,3 m2. Eignin er innréttuð sem rannsóknarstofa með skrifstofum. eldhúsaðstöðu, salernum, geymslum ofl. Dúkur er á gólfum. **V. 99,5 m.**

## Laufengi 58 - 112 Reykjavík




Falleg 107,1 m2, 4ra herberja endaíbúð með sérinngangi af opnum svalagangi á efstu hæð. Eignin skiptist í þrjú svefnherbergi, forstofu, hol, baðherbergi, þvottahús, eldhús og stofu. Sérgeymsla á jarðhæð. Stutt í alla þjónustu, skóla og leikskóla. **V. 39,9 m.**

## Hulduhlíð 26 - 270 Mos.




Falleg 93,0 m2, 4ra herb. íbúð á 2. hæð við Hulduhlíð 26 í Mosfellsbæ. Íbúðin skiptist í þrjú svefnherbergi, forstofu, baðherbergi, eldhús og stofu. Búið er að innrétta herbergi í risi sem er ósamþykkt. Köld útigeymsla fylgir íbúðinni við hlið íbúðar. **V. 43,5 m.**

## Gerplustræti 12 - 270 Mos.



Ný 80,0 m2, 3-4ja herbergja íbúð á fyrstu/annari hæð í 4ja hæða lyftuhúsi, ásamt bílastæði í bílageymsluhúsi. Stórar svalir með fallegu útsýni. Íbúðin skiptist í þrjú til fjögur herbergi (eitt herbergi er geymsla á teikningu), forstofu, baðherbergi, eldhús, stofu og borðstofu. **V. 39,9 m.**

## Þorfinnsgata 8 - 101 Reykjavík



115,1 m2, 3ja herbergja íbúð á 2. hæð. Eignin skiptist í tvö herbergi, stofu, gang, eldhús og baðherbergi. Stór sérgeymsla í kjallara. Skipt var um gler, rennur og gluggapóstar lagaðir árið 2015. Frábær staðsetning í 101. Sameiginleg timburverönd á lóð. **V. 46,9 m.**

## Klapparhlíð 7 - 270 Mosfellsbær




**Opið hús í dag mánudag frá kl. 17:00 til 17:30**

Falleg 64,9 m2, 2ja herbergja íbúð á 2. hæð í fjölbýlishúsi. Frábær staðsetning í vinsælu hverfi rétt við skóla, leikskóla og sundlaug. Svalir með fallegu útsýni í suðvestur. **V. 33,9 m.**

## Klapparhlíð 30 - 270 Mosfellsbær




**Opið hús í dag mánudag frá kl. 17:45 til 18:15**

Falleg 2ja herbergja íbúð með sérinngangi á jarðhæð. Frábær staðsetning í vinsælu hverfi rétt við skóla, leikskóla og sundlaug. Hellulögð verönd í suðvestur. **V. 34,9 m.**

## Grenibyggð 29 - 270 Mosfellsbær



Fallegt og mjög vel staðsett 136,6m2 parhús á einni hæð með bílskúr. Eignin skiptist í 4-5 herbergi, forstofu, eldhús, baðherbergi, gestasalerni, þvottahús, stofu og borðstofu. Grórinn garður með timburverönd. Hellulagt bílaplan. **V. 62,9 m.**

## Brekkugata 19 - 210 Garðabær



Mjög falleg 212,8 m2 Parhús á tveimur hæðum ásamt bílskúr – með fallegu útsýni - u.þ.b. tilbúið til innréttinga. Gott skipulag. 5 svefnherbergi. Eignin er staðsett í nýju hverfi í Urriðarholti í Garðabæ. **V. 75,9 m.**

# HÖFÐATORG

## GLÆSILEGAR ÍBÚÐIR Í HJARTA REYKJAVÍKUR



### HLÝTT OG NOTALEGT

Innri hönnun íbúðanna skapar hlýtt og notalegt umhverfi. Íbúðirnar eru bjartar með stórum gluggum, ljósum veggjum og gólfhita sem veitir góðan yl á köldum dögum. Stærð íbúða er frá 59 m$^2$ – 240 m$^2$.

### KYNNING HJÁ EIGNAMIÐLUN

Kynning hjá Eignamiðlun, Grensásvegi 11, mánudaginn 12. mars milli kl. 12:00 og 18:00.

Bókið skoðun, sölumenn sýna samdægurs.





### SÖLUMENN



**Andri Guðlaugsson**
Lögfr., löggiltur fasteignasali
andri@eignamidlun.is
Sími 662 2705



**Brynjar Þ. Sumarliðason**
BSc., löggiltur fasteignasali
brynjar@eignamidlun.is
Sími 896 1168



**Hilmar Þ. Hafsteinsson**
Löggiltur fasteignasali
hilmar@eignamidlun.is
Sími 824 9098



**Þórarinn M. Friðgeirsson**
Löggiltur fasteignasali
thorarinn@eignamidlun.is
Sími 899 1882

EIGNAMIÐLUN

60 ÁRA
FRAMÚRSKARANDI
SÍÐAN 1957

588 9090 · eignamidlun.is · Grensásvegur 11

# Óskum eftir öllum stærðum og gerðum eigna á skrá
# - Skoðum og metum samdægurs - Sanngjörn söluþóknun.


**FASTEIGNA MARKAÐURINN ehf.**

Óðinsgötu 4, 101 Reykjavík

Sími 570 4500 • fastmark@fastmark.is • www.fastmark.is

Jón Guðmundsson lögg. fasteignasali

Guðmundur Th. Jónsson lögg. fasteignasali

Framúrskarandi fyrirtæki 2014 - 2017


Jón Guðmundsson
Lögg. fasteignasali
jon@fastmark.is


Guðmundur Th. Jónsson
Lögg. fasteignasali
gtj@fastmark.is


Heimir Fannar Hallgrímsson
hdl. og lögg. fasteignasali
heimir@fastmark.is


Elín D. Wyszomirski
Lögg. fasteignasali
elin@fastmark.is


Magnús Axelsson
Lögg. fasteignasali
magnus@fastmark.is


Gísli Rafn Guðfinnsson
Aðstoðarmaður fasteignasala
gisli@fastmark.is


Hallveig Guðnadóttir
Skrifstofustjóri
hallveig@fastmark.is


## Í TRAUSTUM HÖNDUM Í ÁRATUGI

## ÓSKUM EFTIR 80-150 FERMETRA LAGERHÚSNÆÐI TIL KAUPS Í MÚLUM

### Bæjargil 49 – Garðabæ. Einbýlishús með fjórum svefnherbergjum.




Eignin verður til sýnis í dag frá kl. 17.15 – 17.45

Virkilega fallegt 212,6 fm. einbýlishús á tveimur hæðum með innbyggðum bílskúr. Tvennar svalir sem snúa til suðurs og vesturs. Nýleg gólfefni eru á stofum, eldhúsi og stiga. Fjögur svefnherbergi. Stofa með arni og gluggum á þrjá vegu. Sjónvarpsstofa með aukinni lofthæð. Opið og rúmgott eldhús.

Rúmgóður og snyrtilegur bílskúr. Afgirtur sólpallur til suðurs á framlóð og afgirtur pallur til norðurs á baklóð og geymsluskúr.

**Frábær staðsetning í grónu og eftirsóttu hverfi þaðan sem stutt er í Hofstaðaskóla og íþróttasvæði.**

**Verð 84,9 millj.**

### Kirkjubrekka 9 - Álftanesi. Parhús á útsýnisstað við opið svæði.






Eignin verður til sýnis miðvikudag frá kl. 17.15 – 17.45

Einstaklega fallegt 219,0 fm. parhús á tveimur hæðum með stórum svölum til vesturs og innbyggðum 27,8 fm. bílskúr á frábærum útsýnisstað á Álftanesi. **Aukin lofthæð er á báðum hæðum hússins, gólfhitakerfi, gólfsíðir gluggar að hluta og vandaðar innréttingar eru í öllu húsinu. Stórar samliggjandi stofur. Þrjú svefnherbergi. Glæsilegt baðherbergi. Eignin stendur á 570,0 fm. eignarlóð sem vísar til suðurs, austurs og vesturs og er með steyptum og viðarskjólveggjum, steyptum nýjum heitum potti með lýsingu og veröndum. Stór steypt innkeyrsla og stéttir fyrir framan húsið. Seljendur myndu skoða skipti á 4ra herbergja íbúð eða minna sérbýli, sem þarfnast viðhalds, á Álftanesi.**

**Verð 84,9 millj.**

### Fellsmúli 5. Góð 3ja herbergja íbúð.




Eignin verður til sýnis í dag frá kl. 18.15 – 18.45

Góð 73,8 fm. íbúð við Fellsmúla í góðu fjölbýlishúsi miðsvæðis í Reykjavík. Rúmgóð og björt stofa með gluggum til suðurs og vesturs. Tvö góð herbergi.

Geymsla innan íbúðar.

Snyrtileg sameign og frágengin lóð. Næg bílastæði á lóð.

**Falleg og vel skipulagða íbúð miðsvæðis á höfuðborgarsvæðinu þar sem stutt er í alla verslun og þjónustu.**

**Verð 34,9 millj.**

### Drápuhlíð 9 . Mjög fín 5 herbergja hæð í Hlíðunum.




Eignin verður til sýnis í dag frá kl. 17.15 – 17.45

Virkilega falleg og vel skipulögð 114,0 fm. íbúð með svölum til suðvesturs í nýlega viðgerðu og steinuðu fjórbýlishúsi í Hlíðunum. Inngangur er sameiginlegur með risíbúð hússins. Eignin er mikið endurnýjuð. Að innan er nýlega búið að skipta um eldhúsinnréttingu og baðherbergi er nýendurnýjað. Stofa með fallegri gluggasetningu. Fjögur herbergi.

**Húsið að utan var viðgert og steinað fyrir um 10 árum síðan og lítur vel út. Gler og gluggar hafa verið endurnýjaðir að hluta.**

**Verð 54,9 millj.**

### Bergþórugata 16. 3ja herbergja íbúð á efri hæð og í risi.




Eignin verður til sýnis þriðjudag frá kl. 18.15 – 18.45

Falleg og sjarmerandi 76,6 fm. íbúð á 1. hæð, miðhæð, við Bergþórugötu í göngufæri við Sundhöll Reykjavíkur. Búið er að endurnýja eldhús á afar smekklegan máta. Samliggjandi stofur og er einfalt að nýta aðra sem auka svefnherbergi. Eitt svefnherbergi með miklum skápum.

Snyrtileg sameign og sér geymsla í kjallara.

**Lóðin snýr til suðurs. Aðgangskort fylgir íbúð inn á bílastæði bakvið hús.**

**Verð 39,9 millj.**

### Þórsgata 23. 4ra herbergja íbúð – hæð og ris.




Eignin verður til sýnis þriðjudag frá kl. 17.15 – 17.45

Góð 104,0 fm. 4ra herbergja íbúð við Þórsgötu. Íbúðin er hæð og ris ásamt sér þvottahúsi í kjallara. Búið er að endurnýja baðherbergi. Falleg nýleg viðarinnrétting í eldhúsi. Hluti glers og glugga er endurnýjað. Stofa auk borðstofu. Lökkuð furugólfborð´. Húsið var sprunguviðgert og málað að utan fyrir 8 árum síðan.

**Frábær staðsetning þar sem miðbærinn er í göngufæri.**

**Verð 53,9 millj.**

### Vesturgata 17a. 2ja herbergja íbúð – laus strax.




Eignin verður til sýnis þriðjudag frá kl. 17.15 – 17.45

Falleg 49,5 fm. íbúð á jarðhæð í góðu steinsteyptu húsi við Vesturgötu að meðtalinni sér geymslu í kjallara.
Nýlega er búið að setja innfellda lýsingu í stofu, svefnherbergi og eldhús. Stofa með gluggum til suðvesturs.
Íbúðinni fylgir 11,75% eignarhlutur í aukaíbúð á efstu hæð hússins, sem er í sameiginlegri eigu eigenda íbúða í húsinu.

**Íbúðin er laus til afhendingar við kaupsamning.**

**Verð 29,9 millj.**

### Vatnsstígur 22. Glæsileg 3ja – 4ra herbergja íbúð.






Eignin verður til sýnis þriðjud. frá kl. 17.15 - 17.45

- Glæsileg 135,6 fm. íbúð á 3. hæð með stórkostlegu útsýni út á sundin að Esjunni, Hörpu og víðar og rúmgóðum svölum til suðurs við Vatnsstíg 22. Íbúðinni fylgir sér bílastæði í bílageymslu með tengi fyrir hleðslustöð fyrir rafbíla.
- Íbúðin er austan megin í austasta húsinu við Vatnsstíg í neðstu röð við sjóinn og frá henni nýtur afar fallegs útsýnis.
- Gólfsíðir gluggar eru í íbúðinni og vandaðar gardínur sem hægt er að draga sérstaklega fyrir neðri hluta allra glugga íbúðarinnar.
- Núverandi eigendur hönnuðu íbúðina sjálf að innan og er mikið lagt í innréttingar, tæki og gólfefni, sem eru mjög vönduð. Innréttingar eru hvítar sprautulakkaðar og úr hnotu. Quartz er á borðum innréttinga. Innihurðir eru allar extra háar úr hnotu og án gerefta. Led-lýsing er í allri íbúðinni.

**Verð 104,5 millj.**

### Laugavegur 49. 3ja herbergja endurnýjuð íbúð.




Eignin verður til sýnis miðvikud. frá kl. 17.15 – 17.45

Vel skipulögð 104,3 fm. íbúð á 2. hæð að meðtalinni sérgeymslu í steinsteyptu húsi við Laugaveg. Íbúðin er björt með stórum gluggum og aukinni lofthæð og var öll endurnýjuð árið 2005. Skipt var m.a. um gólfefni, eldhús og baðherbergi auk ofna og ofnalagna. Samliggjandi stofur. Möguleiki er að nýta aðra sem auka svefnherbergi. Húsið hefur fengið gott viðhald í gegnum árin. Þakið var endurnýjað árið 2008 og húsið málað að utan árið 2010. Leyfi eru til staðar fyrir að leigja íbúðina út í skammtímaleigu.

**Verð 46,9 millj.**

### Lynghagi 16. 3ja herbergja íbúð með sérinngangi.




Eignin verður til sýnis miðvikudag frá kl. 17.15 – 17.45

Mikið endurnýjuð 86,8 fm. íbúð á jarðhæð með sérinngangi á þessum eftirsótta stað í vesturbæ Reykjavíkur. Mjög góð staðsetning þaðan sem stutt er í skóla og leikskóla. Baðherbergi hefur verið endurnýjað sem og innrétting og tæki í eldhúsi. Nýtt parket á gólfum. Mögulegt væri að opna út úr stofu og gera verönd á lóð til suðurs. Geymsla innan íbúðar. Tyrfð grasflöt. Stétt í kringum húsið er nýleg.

**Verð 40,9 millj.**

# EIGNAMIÐLUN

SALA FASTEIGNA SÍÐAN 1957


**Sverrir Kristinsson**
Löggiltur fasteignasali


**Kjartan Hallgeirsson**
Löggiltur fasteignasali
Sími 824 9093


**Guðmundur Sigurjónsson**
Lögfræðingur, löggiltur fasteignasali


**Guðlaugur I. Guðlaugsson**
Löggiltur fasteignasali
Sími 864 5464


**Þórarinn M. Friðgeirsson**
Löggiltur fasteignasali, sölustjóri
Sími 899 1882


**Magnea S. Sverrisdóttir**
MBA, löggiltur fasteignasali
Sími 861 8511


**Hilmar Þór Hafsteinsson**
Löggiltur fasteignasali, löggiltur leigumiðlari
Sími 824 9098


**Brynjar Þ. Sumarliðason**
BSc í viðskiptafræði, löggiltur fasteignasali
Sími 896 1168

## BOLLAGARÐAR 81 170 SELTJARNARNES — 187,2 m² 97,5 MILLJ.







Vorum að fá í sölu glæsilegt 187,2 fm einbýlishús á tveimur hæðum við Bollagarða á Seltjarnarnesi. Innbyggður bílskúr. Risloft er yfir húsinu. Húsið skiptist m.a. í stofu, borðstofu, fjögur herbergi, tvö baðherbergi og þvottahús. Falleg gróin lóð með timburveröndum. Frábær staðsetning.

**NÁNARI UPPLÝSINGAR**
**Magnea S. Sverrisdóttir**
MBA, löggiltur fasteignasali
Sími 861 8511 - magnea@eignamidlun.is

## HÆÐARGARÐUR 6 108 REYKJAVÍK — 130,7 m² 63,9 MILLJ.







Vorum að fá í sölu mjög fallega og mikið endurnýjaða 130,7 fm íbúð á tveimur hæðum, efri hæð og ris, við Hæðargarð. Stofa og fimm herbergi. Sér inngangur. Tvennar svalir. Útsýni. Húsið hefur verið mikið endurnýjað. Örstutt í alla helstu þjónustu.

**NÁNARI UPPLÝSINGAR**
**Daði Hafþórsson**
Löggiltur fasteignasali
Sími 824 9096 dadi@eignamidlun.is

## SMÁRAGATA 9 101 REYKJAVÍK — 280 m² 110 MILLJ.





Fallegt 280 fm parhús í fúnkísstíl við Smáragötu 9 í Reykjavík. Húsið er á þremur hæðum og er í dag átta herbergja með aukaíbúð í kjallara. Húsið er teiknað af Einari Sveinssyni arkitekt og byggt árið 1937. Eignin er laus við kaupsamning og þarfnast standsetningar.

**NÁNARI UPPLÝSINGAR**
**Hilmar Þór Hafsteinsson**
Löggiltur fasteignasali, löggiltur leigumiðlari
Sími 824 9098 - hilmar@eignamidlun.is

## NESBALI 32 170 SELTJARNARNES — 230,2 m²




Glæsilegt 230,2 fm einbýishús á einni hæð með tvöföldum bílskúr við Nesbala sunnanmegin á Seltjarnarnesi. Húsið er teiknað af Kjartani Sveinssyni og hefur verið mjög mikið endurnýjað síðustu ár. Stofa, borðstofa, fjögur herbergi og tvö baðherbergi. Fallegur og sólríkur suður-garður með heitum potti og náttúrusteini. Einstök staðsetning.

**NÁNARI UPPLÝSINGAR**
**Magnea S. Sverrisdóttir**
MBA, löggiltur fasteignasali
Sími 861 8511 - magnea@eignamidlun.is

## NEÐSTABERG 12 111 REYKJAVÍK — 214 m² 63,0 MILLJ.




214 fm einbýlishús við Neðstaberg í Reykjavík. Þar af er sérstæður bílskúr skráður 30 fm. Óskráður kjallari er undir húsinu ca 100 fm. Húsið er í dag ca tilbúið til innréttinga og þarfnast standsetningar. Skýrsla er til á skrifstofu Eignamiðlunar. Fimm svefnherbergi í húsinu, tvö baðherbergi og snyrting.

**NÁNARI UPPLÝSINGAR**
**Hilmar Þór Hafsteinsson**
Löggiltur fasteignasali, löggiltur leigumiðlari
Sími 824 9098 - hilmar@eignamidlun.is

# STAKFELL
FASTEIGNASALA | 1984

## 535-1000
BORGARTÚNI 30 / 105 REYKJAVÍK
stakfell@stakfell.is / www.stakfell.is

FÉLAG FASTEIGNASALA
Þorlákur Ómar Einarsson
LÖGGILTUR FASTEIGNASALI


**ÞORLÁKUR ÓMAR EINARSSON**
Framkvæmdastjóri
Löggiltur fasteignasali


**STEFÁN HRAFN STEFÁNSSON**
Sölustjóri
Hdl. löggiltur fasteignasali
Löggiltur leigumiðlari


**ERLA DRÖFN MAGNÚSDÓTTIR**
Lögfræðingur
Löggiltur fasteignasali
GSM 692 0149


**JÓHANNA ÍRIS SIGURÐARDÓTTIR**
Löggiltur fasteignasali
GSM 662 1166


**MATTHILDUR SUNNA ÞORLÁKSDÓTTIR**
Löggiltur fasteignasali
GSM 690 4966


**ÓLAFUR H. GUÐGEIRSSON**
MBA Rekstrarhagfræðingur
Löggiltur fasteignasali
GSM 663-2508


**EINAR S. VALDIMARSSON**
M.Sc. Viðskiptafræðingur
Löggiltur fasteignasali
GSM 840-0314


**KAREN ÓSK SAMPSTED**
Sölufulltrúi / nemi til lögg. fasteignasala
GSM 869 9967


**ÞÓRUNN LILJA VILBERGSDÓTTIR**
Hdl.
Sími 535 1002


**KRISTÍN SKJALDARDÓTTIR**
Löggiltur fasteignasali
Sími: 535 1003
Gsm: 824 4031

## HERJÓLFSGATA 38, 220 HFJ — 68.9M



**MATTHILDUR 690 4966 / KAREN 869 9967**

142,6 fm., þriggja herb. íbúð á jarðhæð með sjávarútsýni. Tvö baðherbergi og þvottahús og geymsla innan íbúðar. Fyrir 60 ára og eldri. Íbúðin afhendist við kaupsamning, fullbúin að innan með vönduðum innréttingum.

## BAUGANES 6, 101 REYKJAVÍK — 57.8M



**MATTHILDUR 690 4966 / KAREN 869 9967**

Falleg 5 herbergja hæð með sérinngangi í þríbýlishúsi, á frábærum stað í Skerjafirði. Þvottahús, auk sér geymslu er í sameign.

## VESTURGATA 35A, 101 REYKJAVÍK — 47.9M




**MATTHILDUR 690 4966 / KAREN 869 9967**

OPIÐ HÚS mánudaginn 12. mars. kl. 17:30-18:00. Einbýlishús sem skiptist í tvær íbúðir, báðar með sérinngangi. Efri íbúð er þriggja herbergja og neðri er tveggja herbergja. Góðir tekjumöguleikar.

## VATNSSTÍGUR 2, 101 REYKJAVÍK — 79.9M



**MATTHILDUR 690 4966 / KAREN 869 9967**

Falleg 151,6 fm., 3ja herb. íbúð með yfirbyggðri verönd til suðurs og glæsilegu útsýni til norðurs. Íbúðinni fylgir bílastæði í upphituðum bílakjallara og tvennar góðar geymslur í sameign.

## SKAFTAHLÍÐ 18, 105 RETKJAVÍK — 59.9M




**ÓLAFUR H. GUÐGEIRSSON / 663 2508**

OPIÐ HÚS miðvikudaginn 14. mars. kl. 17:30-18:00. 124m². íbúð á fyrstu hæð í eftirsóttu fjölbýli. Íbúðin er með þremur svefnherbergjum, eigninni fylgir 9,8 fermetra íbúðarherbergi í kjallara.

## FAXATÚN 7, 210 GARÐABÆR — 89.9M




**KRISTÍN SKJALDARDÓTTIR / 824 4031**

GÓÐAR LEIGUTEKJUR. Fallegt og mikið endurnýjað 263,7fm 10 herbergja einbýlishús. Tvær aukaíbúðir til útleigu. Eldhús með góðu skápaplássi. Rúmgóð stofa með útgengi á afgirta timburverönd.

## LJÓSVALLAGATA, 101 REYKJAVÍK — 53.5M




**EINAR S. VALDIMARSSON / 840 0314**

OPIÐ HÚS mánudaginn 12. mars. kl. 17:30-18:00. Falleg 4 herbergja íbúð á 3. hæð með sér herbergi á jarðhæð í fjórbýlishúsi, á frábærum stað við Ljósvallagötu. Laus strax.

## TJARNARMÝRI 11, 170 REYKJAVÍK — 34.9M



**EINAR S. VALDIMARSSON / 840 0314**

56 fm. falleg tveggja herbergja íbúð á Seltjarnanesi . Íbúðin skiptist í anddyri, eldhús, stofu og eitt svefnherbergi. Laus fljótlega.

## MIÐTÚN 66, 105 REYKJAVÍK — 49.9M




**JÓHANNA Í. SIGURÐARDÓTTIR / 662 1166**

OPIÐ HÚS mánudaginn 12. mars. kl. 18:00-18:30. 131,7 fm Íbúð á tveimur hæðum sem áður voru tvær íbúðir. Möguleiki að skipta eigninni aftur upp í tvær íbúðir með tiltölulega litlum kostnaði.

## HJALTABAKKI 4, 109 REYKJAVÍK — 32.5M




**JÓHANNA Í. SIGURÐARDÓTTIR / 662 1166**

OPIÐ HÚS mánudaginn 12. mars. kl. 19:00-19:30. Falleg 87,3 fm. 3ja herbergja íbúð á 3.hæð með svölum til suðurs. Íbúðin skiptist í stofu, eldhús, hjónaherbergi ,barnaherbergi, baðherbergi, auk sér geymslu í sameign.

## JÖKLAFOLD 37, 112 REYKJAVÍK — 41.4M




**JÓHANNA Í. SIGURÐARDÓTTIR / 662 1166**

OPIÐ HÚS mánudaginn 12. mars. kl. 17:00-17:30. Falleg 3ja herbergja 84,9 fm íbúð á 2.hæð og 18,7 fm bílskúr, samtals 103,6 fm. Björt stofa með s-v svölum. 2 svefnherbergi. Sér þvottahús.

## LAUGARNESVEGUR 54, 105 RVK — TILBOÐ




**ERLA D. MAGNÚSDÓTTIR / 692 0149**

OPIÐ HÚS þriðjudaginn 13. mars. kl. 17:30-18:00. Fjögurra herbergja íbúð á 1. hæð, vel staðsett við Laugarnesveg 54, ásamt 60 fm. bílskúr.

GRUNNUR AÐ GÓÐU LÍFI

# HÖFÐATORG



## BRÍETARTÚN 9-11

GLÆSILEGAR ÍBÚÐIR Í HJARTA REYKJAVÍKUR

### VÖNDUÐ OG NÚTÍMALEG HÖNNUN

Innri hönnun íbúðanna skapar hlýtt og notalegt umhverfi. Íbúðirnar eru bjartar með stórum gluggum, ljósum veggjum og gólfhita. Stærð íbúða frá 59m$^2$ - 240m$^2$. Verð íbúða frá kr. 40.9m.

### KYNNING HJÁ STAKFELL

Kynning hjá Stakfell, Borgartún 30, mánudaginn 12. mars milli kl. 12:00 og 17:00. Bókið skoðun, sölumenn sýna samdægurs.





### SÖLUMENN



**Þorlákur Ómar Einarsson**
Löggiltur fasteignasali
thorlakur@stakfell.is
Sími 820 2399



**Jóhanna Íris Sigurðardóttir**
Löggiltur fasteignasali
johanna@stakfell.is
Sími 662 1166



**Kristín Skjaldardóttir**
Löggiltur fasteignasali
kristin@stakfell.is
Sími 824 4031

STAKFELL
FASTEIGNASALA | 1984

535-1000
BORGARTÚNI 30 / 105 REYKJAVÍK
stakfell@stakfell.is / www.stakfell.is

FASTEIGNASALAN **TORG**
Áb. Sigurður Gunnlaugsson lgfs.

# 520 9595

Fasteignasalan TORG Garðatorgi 5 210 Garðabær www.fstorg.is

kraftur • traust • árangur



| Hafdís Fasteignasali 820 2222 | Sigurður Fasteignasali 898 6106 | Dórothea Fasteignasali 898 3326 | Þorsteinn Fasteignasali 694 4700 | Jóhanna Kristín Fasteignasali 698 7695 | Árni Ólafur Fasteignasali 893 4416 |
|---|---|---|---|---|---|
| Berglind Fasteignasali 694 4000 | Jón Gunnar Fasteignasali 848 7099 | Alexander Fasteignasali 695 7700 | Sigríður Fasteignasali 699 4610 | Garðar Fasteignasali 899 8811 | Hrönn Sölufulltrúi 692 3344 |
| Hólmgeir Lögmaður 520 9595 | Þóra Fasteignasali 822 2225 | Þorgeir Fasteignasali 696 6580 | Lilja Sölufulltrúi 663 0464 | Hafliði Fasteignasali 846 4960 | |

## Krosshamrar 14
112 Reykjavík **76.900.000**



**OPIÐ HÚS þriðjudaginn 13. mars kl. 17.30-18.00**

**Herbergi:** 5 **Stærð:** 179 m²

Mjög fallegt og vel skipulagt fjölskylduhús á einni hæð á skjólgóðum stað í Hamrahverfinu í Grafarvogi. Lóðin er með fallegum garði, heitum potti og útiarinn, en húsinu fylgir einnig stór og góður pallur. Húsið er skráð 179 fm og þar af er bílskúrinn skráður 42,3 fm. Húsið skiptist í þrjú rúmgóð svefnherbergi, en möguleiki er á að bæta við fjórða svefnherberginu. Eignin er með mikilli lofthæð frá miðjurými hússins og hefur eigin fengið ágætis viðhald í gegnum árin. Stutt er í skóla, leikskóla og fallegar gönguleiðir
**Upplýsingar veitir Sigríður fasteignasali í gsm:** 699 4610

## Gerðarbrunnur 15
113 Reykjavík **115.000.000**



**OPIÐ HÚS mánudaginn 12. mars kl. 17.30-18.00**

**Herbergi:** 7 **Stærð:** 369,1 m²

Einkar glæsilegt og vel skipulagt einbýlishús á glæsilegum útsýnisstað í Úlfarsárdal í Reykjavík. Um er að ræða einstakt fjölskylduhús, fullbúið að innan sem utan og smekklegt í frágangi og efnisvali. Skiptist eignin í forstofu, stórt aðalrými, eldhús, borðstofu og stofu saman, góðu sjónvarpsrými, 6 svefnherbergum, 2 baðherbergum,gestasnyrtingu, tvennar svalir, stór verönd, bílskúr og upphitað bílaplan. Gólfefnin eru parket og glæsilegar flísar. Hiti í gólfum Húsið stendur í Úlfarsárdal og örstutt frá íþróttasvæði Fram og þar er verið að reisa nýjan skóla og sundlaug. Í næsta nágrenni er Úlfarsfell og stutt í óspillta náttúru. Hér er á ferðinni einstaklega fallegt og vel skipulagt fjölskylduhús sem heldur vel utan um alla í fjölskyldunni með möguleika að útbúa aukaíbúð á neðri hæðinni.
**Upplýsingar veitir Sigríður fasteignasali í gsm:** 699 4610

## Lund 7-13
200 Kópavogur **56,8-128M**




